

EYJAFRÉTTIR


Sjávarútvegur í sókn

Mynd: Tóti Víðó

tbl. **17**
49. árg
21.09
2022
kr. 890



17



4

Púlað fyrir Pieta



6

Sólskinið virkjað



10-26-31

55 milljarða
fjárfesting í
sjávarútvegi

Aukin sátt um íslenskan sjávarútveg

Íslenskur sjávarútvegur hefur um áratuga skeið verið burðarás í atvinnulífinu um land allt. Þessi mikilvæga atvinnugrein hefur skapað þjóðinni mikil útflutningsverðmæti og fleytt okkur fram á sviði nýsköpunar og tækniþróunar. Þá er greinin algjör undirstaða atvinnu víða á landsbyggðinni. Þetta vitum við en umræðan um greinina er engu að síður oft ansi neikvæð. Sú umræða er óheppileg þar sem við getum verið stolt af svo mörgu varðandi okkar sjávarútveg, hann er arðbær, nýting stofna er byggð á vísindum og svona mætti lengi telja. Það liggur hinsvegar þungt á þjóðarsálinni þessi tilfinning um óréttlæti þegar fréttir berast af arðgreiðslum stærstu sjávarútvegsfyrirtækjanna. Auðlindin er sameign okkar, ætti þá ekki meira að renna til samfélagsins?

Metnaðarfull stefnumótun

Ég hef talað um mikilvægi þess að auka samfélagslega sátt um sjávarútveg og það var hvatinn að því að ég setti af stað metnaðarfulla stefnumótun í sjávarútvegsmálum. Umræða um sjávarútveg er oft byggð á miklum tilfinningum, eðlilega, en stjórnvöld þurfa að byggja ákvarðanir sínar á gögnum staðreyndum og ég bind vonir um að með því að fá sérfræðinga til



Svandís Sigurðardóttir, sjávarútvegsráðherra

liðs við okkur í stefnumótuninni, nálgumst við umræðuefnið á breiðari grunni.

Öll sjónarmið að borðinu

Stefnumótunarvinnan verður gagnsæ og öllum er boðið að taka þátt. Ég finn það sem ráðherra málaflokksins, hversu gott það er að fá tækifæri til að hitta um allt land fólk sem hefur skoðanir og þekkingu á sjávarútvegi. Við þurfum öll sjónarmið að borðinu. Starfshóparnir sem eru nú að störfum munu í október og

nóvember halda opna fundi úti um land þar sem öllum gefst tækifæri til að ræða þessi mál við hópana augliti til auglitis. Og fyrir þau ykkar sem ekki sjá sér fært um að mæta þar verður í næstu viku opnuð vefsíða þar sem hægt er að senda hópnum athugasemdir og tillögur. Um leið er safnað á einn stað því mikla efni sem þegar liggur fyrir um sjávarútvegskerfið.

Áskoranir

Fyrstu tillögur hópanna munu liggja fyrir á þessu ári og ég

hlakka til að vinna úr þeim. Við blasa ótal áskoranir og sjávarútvegurinn þarf að ná árangri í loftslagsmálum á eins fljótt og auðið er. Við þurfum að ræða hversu stórum hluta aflans eigi að ráðstafa á félagslegan hátt og við þurfum að fara yfir gjaldtökuna af sjávarútvegi. Samfélagsleg sátt um auðlindina hlýtur alltaf að vera síkvik en stuðla þarf að henni með öllum ráðum. Við þurfum að spyrja okkur hvort að gjaldtakan sé sanngjörn, hvort una megi því að greiddur sé út stórkostlegur arður af auðlind okkar og rekstri stórra sjávarútvegsfyrirtækja á sama tíma og lykilstofnunum á borð við Hafró er of þröngur stakkur skorinn. Þessa umræðu þurfum við að vera óhrædd að taka.

Tækifæri

Rauði þráðurinn í allri okkar vinnu í matvælaráðuneytinu er að flétta græna hugsun um árangur í loftslagsmálum inn í alla ákvarðanatöku. Við stefnum auðlindinni í hættu ef við umgöngumst auðlindir hafsins ekki af ábyrgð. Nýtingin verður að vera sjálfbær og til þess þurfum að leggja enn meira upp úr hafrannsóknunum. Gerum við þetta, er framtíð íslensks sjávarútvegs björt, okkur öllum til heilla.

Sjávarútvegssamfélagið í Eyjum!

Við Vestmannaeyingar erum einstaklega stolt af uppruna okkar. Við erum sjávarútvegssamfélag sem hefur vaxið og dafnað undanfarna áratugi og er í dag önnur stærsta kvótahöfn landsins. Það hefur oft gefið á bátinn og við erum ekki alltaf öll sammála um alla þætti þegar kemur að sjávarútvegi. En við erum stolt af okkar fyrirtækjum og starfsfólki og áttum okkur flest á því að sjávarútvegur er undirstaða þessa samfélags sem við þekkjum í Eyjum í dag.

Gríðarlegar tækni framfarir hafa orðið undanfarna áratugi í greininni og ný viðhorf farin að ryðja sér til rúms, sbr. fullnýting afla sem var ekki efst á forgangslistanum fyrir nokkrum áratugum. Sjávarútvegur er nýsköpunargrein og leita fyrirtækin sífellt að nýjum tækifærum til framtíðar.

Samfélagsleg ábyrgð stórra sjávarútvegsfyrirtækja er mikil og nauðsynlegt fyrir stjórnendur þeirra að hafa í huga að umfanginu og áhrifunum fylgir alltaf ábyrgð. Þau þurfa að gefa til baka til samfélagsins til að efla lífsgæði þeirra sem hjá þeim starfa. Það er hagrur fyrirtækjanna að bæjarfélagið þar sem þau starfa sé aðlaðandi og freistandi til búsetu, ekki síst fyrir ungt og vel menntað fólk. Fyrirtækin hafa þannig beinan hag af því sjálf að leggja af mörkum til samfélagsins og bæta það.

Gott dæmi um jákvætt og uppbyggjandi samstarf er MATEY sjávarréttahátíðin sem haldin var 7.- 10. september. Þar lögðu saman krafta sína ferðapjónustan, sem er ört vaxandi stoð í atvinnulífinu í Eyjum, sjávarútvegurinn og tengd fyrirtæki og stóðu að



Íris Róbertsdóttir, bæjarstjóri

glæsilegri matarhátíð. MATEY heppnaðist frábærlega og var góð kynning og frábær matar- og menningar upplifun fyrir þá sem þátt tóku. Samstarf og samhugur er það sem við þekkjum vel hér í Eyjum og var þessi hátíð vel til þess fallin að kenna okkur sem tókum þátt nýja hluti, t.d. að borða makríl sem er nú ekki daglega á borðum Íslendinga.

Við þurfum að kynnast sjávarútveginum og fyrirtækjunum og fyrir hvað þau standa. Hátíð sem þessi er hluti af því. Sjávarútvegurinn snýst ekki bara um kvótaskerfið. Að upplýsa og fræða um þessa atvinnugrein, m.a. hvað hún þýðir fyrir samfélag eins og Vestmannaeyjar, er stór hluti af því að koma umræðunni um sjávarútveg á annað plan og stuðla að því að skapa meiri sátt um hann meðal landsmanna allra.

VIRÐING SJÁLFBÆRNI VELFERÐ

Gildi stjórnenda og starfsmanna Vinnslustöðvarinnar hf. í Vestmannaeyjum eru að hafa virðingu, sjálfbærni og velferð að leiðarljósi í starfsemi sinni og skapa félaginu og samfélaginu þannig farsæla framtíð.



VESTMANNAEYJAR
ICELAND



Tuttugu og fjögurra tíma púl fyrir Pietasamtökin

Í æfingasalnum er hann leiðtogi þegar hann stýrir æfingum, en ekki síður þegar hann stýrir sínum eigin æfingum og áskorunum. Gísli Hjartarson tók á sig mikla líkamlega áskorun um síðustu helgi þar sem hann stundaði æfingar í 24 klukkustundir samfleytt og án hvíldar. Hann skiptist á að æfa á þremur tækjum; vindhjóli, róðravél og skíðavél. Margir lögðu leið sína í æfingasalinn og tóku nokkra hringi með honum á tækjunum. En enginn kemst með tærnar þar sem hann hefur hælana. Þessa áskorun tók hann ekki á sig bara að gamni sínu, heldur var markmiðið að safna í styrktarsjóð Pieta samtakanna. Það eru samtök sem vinna gegn sjálfsskaða og sjálfsvígum. Verkefnið er verðugt og Gísli er Eyjamaðurinn að þessu sinni.

Fullt nafn: Gísli Hjartarson, oft kallaður Gilli Foster.

Fjölskylda: Kvæntur Jóhönnu Jóhanns. Svo á ég eina dóttur, Vigdís Hind og þrjú fósturbörn



Gísli Hjartarson

.....
Aðalbjörgu Andreu, Gabríel og Víði Heiðdal.

Hefur þú alltaf búið í Eyjum?

Já, fyrir utan þann tíma er ég bjó annarsstaðar (Grimsby, Bremerhaven og Akureyri).

Mottó: Fyrstu tvö sem mér detta í

hug eru: Ég er að vinna í sjálfum mér, fyrir sjálfan mig, með sjálfum mér og If it doesn't challenge you it won't change you.

Síðasta hámhorf eða guilty pleasure: Við Jóhanna erum er núna að klára Manifest og erum þegar búin í House. Ætlum að velja næst í House of Dragon eða The Lord of the Rings: The Rings of Power.

Aðaláhugamál: CrossFit, lyftingar, ferðalög.

Eitthvað sem þú gerir á hverjum degi sem þú gætir ekki verið án: Bursta tennurnar.

Hvað óttast þú mest: Sennilegast að verða það veikur að ég þurfi að liggja upp í rúmi eða í stól og geta ekkert gert – þá vil ég fá að fara.

Hvaða tónlist kemur þér í gott skap: U2, Rock 'n' Roll, þungarokk og Júníus Meyvant. Hvaða ráð myndir þú gefa 18 ára þér sem veganesti inn í lífið: Trúðu á sjálfan þig og fetaðu þínar eigin slóðir, ekki alltaf elta fjöldann.

Hvað er velgengni fyrir þér:

Velgengni er að geta gert það sem þú vilt þegar þú vilt. Hafa til þess heilsu og þrek.

Hvernig undirbýrðu þig líkamlega

og andlega fyrir áskorun eins og þessa sem þú fórst í gegnum um síðustu helgi? Maður þarf að vera í þokkalegu formi líkamlega, og búinn að prófa að renna í gegnum brot af því sem maður ætlar að gera, en andlegi hlutinn er sennilegast stærsti þátturinn og þar er lykilatriðið að trúa á sjálfan sig og láta ekki hlutina vaxa sér í augum þó eitthvað bjáti á.

Hvers vegna ferðu inn í svona stóra áskorun? Finnst bara eitthvað heillandi við þetta og ef maður getur látið eitthvað gott af sér leiða í leiðinni þá er það ekkert verra. Ætlaði reyndar að vera hættur þessu en...

Hvernig háttar þú endurheimt eftir áskorunina? Reyni að sofna og sofa í kannski sjö tíma og skelli mér svo í heitu pottana og sauna.

Eitthvað að lokum? Bráðum koma blessuð jólin, en það er ein áskorun fyrir jólin og hún verður þann 17. desember n.k. – nánar um það síðar – já og ég myndi gjarna vilja sjá að allir upp að 17 ára aldri gætu æft það sem þeir vilja, og það gjaldfrjálst. Innifalið í því væri eitt fag í Tónlistarskólanum.

Aglow hreyfingin snertir líf milljóna

FASTIR PENNAR:

Þórunna Margrét Sigurbergsdóttir



Aglow hreyfingin snertir líf milljóna kvenna og karla um alla allan heim. Aglow hópur hefur starfað í Eyjum í þrjátíu og tvö ár. Orðið Aglow þýðir að glóa eða brenna og er tekið úr Rómverjabréfinu 12.11 þar sem stendur: „verðið brennandi í andanum. Þjónið Drottnei. Árið 1967 komu fjórar konur í Seattle saman og töluðu um þörfina á að styrkja konur úr mismunandi kirkjudeild-

um, biðja saman og ná til annarra kvenna. Aglow hópar eru starfandi í 170 löndum á fjögur þúsund stöðum. Ég hef hitt konur frá öllum heimshornum á alþjóðlegum ráðstefnum Aglow. Það sem vakti áhuga minn var að sjá kraftmiklar konur tilbúnar að framganga með djörfung á framandi slóðum. Aglow hefur starfað gegn mansali, í fangelsum og meðal þurfandi kvenna víða um heim. Mikil fræðsla um Islam og Ísrael og samskipti fólks, stöðu karla og kvenna. Karlahópar hafa risið upp sem og starf fyrir yngra fólki. Mikil áhersla er á að biðja fyrir nærumhverfi sínu og hafa konur

hér farið reglulega í bænagöngu til að biðja fyrir Eyjum. Við höfum fund fyrsta miðvikudagskvöld í mánuði, byrjum á hressingu og samfélagi, síðan syngum syngjum við og svo er fræðsla eða frásögn. Stundum fáum við gesti á fundina. Í Eyjum er starfandi bænahópur sem hittist vikulega meirihluta ársins. Margar okkar sem störfum í Aglow höfum fundið þar stað til að vaxa og styrkjast andlega í öruggu umhverfi. Þar finnum við fyrir kærleika Guðs. Við höfum séð konur snertar og læknað fyrir bæn. Aglowkonur í Eyjum hafa átt einstakt kærleikssamfélag og hefur verið yndislegt yndislegt að

finna einingu í Kristi og að það skiptir ekki máli hvaða kirkju við sækjum. Aglow á Íslandi hefur starfað síðan árið 1987 og um næstu mánaðarmót mánaðamót hittast Aglowkonur í Skálholti til samfélags og uppbyggingar. Næsti Aglowfundur í Vestmannaeyjum verður miðvikudagskvöldið 5. október kl. 20:00 í safnaðarheimili Landakirkju, og eru nýjar konur sérstaklega boðnar velkomnar.

Þórunna Margrét Sigurbergsdóttir,

formaður Aglow Vestmannaeyjum

RENNDU VIÐ OG SKOÐAÐU ÚRVALIÐ

VIÐ HÖFUM VERIÐ TIL STAÐAR FYRIR EYJAMENN FRÁ ÁRINU 1981!

40 ára
1981-2021



**SKIPALYFTAN EHF.
VESTMANNAEYJUM**



Portúgalskt sólskin virkjað til saltfiskþurrkunar í Grupeixe

ATLI RÚNAR
HALLDÓRSSON

Verð á raforku og gasi í Evrópuríkjum hækkar næstum því daglega og er að jafnaði orðið meira en þrefalt á við það sem gerðist áður en styrjöld braust út í Úkraínu. Staða og viðbrögð í Grupeixe, saltfiskframleiðslufyrirtæki Vinnslustöðvarinnar í Portúgal, segir sína sögu. Þar hafa rekstrarútgjöld aukist gríðarlega, segir Nuno Araujo framkvæmdastjóri: „Við bregðumst meðal annars við með því að feta okkur í átt að sjálfbærni í orkumálum. Fyrsta skrefið er að koma fyrir sólarsellum á verksmiðjuþakinu til raforkuframleiðslu. Eigin orkuframleiðsla með vindmyllum er líka til athugunar. Þetta kallar á tæknibreytingar og tekur tíma að koma til framkvæmda. Við eigum ekki annan kost í stöðunni en þann að horfa í fullri alvöru til sjálfbærrar orkuframleiðslu.“

Í Grupeixe er þegar byrjað virkja sólaljósið til að framleiða rafmagn sem svo aftur er notað til að þurrka saltfisk. Þannig er fiskurinn sölþurrkaður á ská sem er eitt þeirra ráða sem gripið er til í orkukreppunni. Í vindinum búa líka kraftar sem unnt er að nýta og breyta í rafmagn.

Mikilvægt að markaðir haldi Sverrir Haraldsson, sviðsstjóri á botnfiskssviði Vinnslustöðvarinnar, segir að allur framleiðslukostnaður hafi hækkað mikið á tiltölulega skömmum tíma og fleira komi þar til en Úkraínustyrjöldin.



Sverrir Haraldsson t.v. og Nuno Araujo voru fyrirsetur í Vinnslustöðinni fyrir páska 2022 þegar CNN sendi teymi til að taka upp sjónvarpsefni í þrjá daga. Aðalerindið var að mynda allt framleiðsluferli saltfisksins sem sendur er til Portúgals og er þar í hávegum hafður meðal neytenda.

„Orkureikningarnir hafa vissulega hækkað gríðarlega, til að mynda í Portúgal, en flest annað hefur rokið upp líka. Launakostnaður á Íslandi hefur þannig hækkað um tugi prósent, flutningskostnaður og hráefnisverð hækkað mikið sömuleiðis. Sama á við um salt, umbúðir og önnur aðföng.“

Afurðaverð hefur sem betur fer hækkað líka, annars væri þessi barátta næsta vonlítill. Afurðaverðið lækkaði verulega þegar COVID-faraldurinn hófst og fór þá niður fyrir öll sársaukamörk en fór upp aftur, sem betur fer.

Mikilvægt er að markaðir haldi og afurðaverð lækki ekki á nýjan leik. Markaðirnir eru ekki annað en fólkid sem kaupir og borðar fiskinn okkar. Við höldum í þá von að ástandið leiði ekki til stórfellds efnahagssamdráttar með tilheyrandi skerðingu kjara viðskiptavina okkar, neytendanna.“

Endurnýtt bretti og umbúðir Vinnslustöðin keypti Grupeixe í Portúgal sumarið 2019. Nú er komin reynsla á reksturinn í meðvindi og mótvindi. Sverrir segir það sýna sig að fjárfestingin hafi verið farsælt skref og skynsamlegt á saltfiskmarkaði sem er Vinnslustöðinni svo mikilvægur.

„Það sýnir sig að í þrengingum vegna COVID-faraldurs áður og verðbólguvaraldurs nú veitir það okkur mikinn styrk að ráða stórum hluta virðiskeðjunnar allt frá veiðum og vinnslu í Vestmannaeyjum til neytenda í Portúgal. Í stað þess að selja saltfiskinn áður við verksmiðjudyri í Eyjum erum við sjálfir orðnir gerendur í sölu og dreifingu ytra. Þannig fáum við mun meiri og gleggri upplýsingar um markaðinn og viðhorf neytenda, höfum miklu betri tök á sölumálum, vitum hvað er að gerast á hverjum tíma og við hverju megi búast.“

Þetta er styrkur okkar sölu- og tekjumegin en kostnaðarmegin



Sólarsellur og vindmyllur til rafmagnsframleiðslu. Myndin er fengin af vefnum architecturaldigest.com og tengist umfjöllun greinarinnar ekki beint.


höfum við nú mun fleiri þætti til að taka á og vinna í en ella væri. Sjálfbær orkuframleiðsla er augljóslega eitt dæmi og þannig verður framleiðslan líka umhverfisvænni.

Önnur skref eru til að mynda þau að safna saman umbúðum og brettum, sem við notum við flutning á saltfiski til Portúgals, þrifa það endurnýtanlega og senda til baka til Eyja. Áður var umbúðum og brettum fargað ytra.

Með þessu móti spörum við fjármuni og störfum um leið í þágu umhverfisins. Það borgar sig beinlínis að búa til hringrásarhagkerfi að þessu leyti og gengur mjög vel.“



Nuno Araujo. framkvæmdastjóri Grupeixe, með girnilegan og eigulegan „saltfiskgítar“ frá Vestmannaeyjum.



Eyjablikk ehf. er blikk og stálsmiðja sem starfar á þeim yndislega stað, Vestmannaeyjum. Við þjónustum sjávarútvegsfyrirtæki, verktaka og einstaklinga með óskir sínar. Fjölbreytni verkefna hefur verið með ólíkindum á þeim 22 árum sem fyrirtækið hefur starfað. Má þar nefna loftræsikerfi, einangrun og klæðningar á hita- og frystilögnum, flasningar, rústfrí smíði, álsmíði, lagning koparpaka, smíði á handriðum ásamt smíði á allra handa færiböndum og körum fyrir sjávarútveginn.

Þjónusta við einstaklinga hér í eyjum er líka stór þáttur í starfsemi okkar. Við hjá Eyjablikk höfum kappkostað við að sinna þeim verkum sem okkur hefur verið treyst fyrir af kostgæfni og með bros á vör, því að það skilar sér í ánægðum viðskiptavinum sem leita aftur og aftur til okkar með sínar þarfir.

EYJABLIKK

Blikk og stál er okkar mál

Landeldi á laxi í Vestmannaeyjum

Fleiri, fjölbreyttari og styrkari stoðir undir atvinnulíf og samfélag


Umhverfismatsskýrsla um áhrif fyrirhugaðrar landeldisstöðvar á laxi í Viðlagafjöru og byggingu seiðaeldisstöðvar í Friðarhöfn er í umsagnaarferli og er frestur til að skila inn athugasemdum til 4. október. Í skýrslunni er lagt mat á hugsanleg umhverfisáhrif og áhrifin á samfélagið þegar reksturinn verður kominn í fullan gang. Það er fyrirtækið Icelandic Land Farmed Salmon (ILFS) sem stendur að verkinu og hefur frá upphafi verið í mjög góðri samvinnu við Vestmannaeyjabæ sem unnið hefur breytingar á aðalskipulagi og deiliskipulagi vegna verkefnisins.

Að mati forsvarsmanna ILFS eru Vestmannaeyjar góður kostur fyrir starfsemi. Stutt er á stóra markaði í Evrópu og Norður-Ameríku, góð sjógæði, mikill mannauður í Vestmannaeyjum með þekkingu á tækni, vinnslu, sölu og flutninga á sjávarafurðum. Einnig er tiltekið nálægð við höfn og sjávarhiti með ákjósanlegasta móti auk þess sem við Vestmannaeyjar er staðbundin alda frá suðvestri, og því Viðlagafjara, sem er austan á Heimaey í skjóli frá henni. Auk þess hentar Viðlagafjara mjög vel frá náttúrunnar hendi fyrir uppbyggingu mannvirkja og aðgengi að sjó.


Allt að 240 stöðugildi

Ljóst er að um gríðarstóra starfsemi er að ræða á alla mælikvarða og er áætlað að heildarfjöldi nýrra starfa sem skapist við verkefnið verði um 240 stöðugildi. Þar af allt að 120 störf við eldið sjálft. Áætlað er að framleiða um 11.500 tonn af óslægðum laxi á ári ef allar áætlanir um stækkun ná fram að ganga með mögulegri stækkun í 22.000 tonn af óslægðum laxi. Uppbygging fyrsta áfanga er áætluð í þremur hlutum, fyrst 3.500 tonn, og síðan 2 x 3.500 tonna áfangar, en eldið verður á landi í lokuðum kerjum og sjór úr borholum verður notaður í eldiskerjunum.

Auk mateldisins í Viðlagafjöru ætla fyrirtækið að byggja upp seiðaeldi í botni Friðarhafnar. Þar verður notað svokallað RAS kerfi við vinnsluna sem byggist á því að endurnýta vatn við vinnslu; það þýðir að hver lítri af vatni verður endurnýttur allt að 100 sinnum. Með þessu kerfi er farið betur með orku og auðlindir en almennt gengur og gerist í fiskeldi.



Tölvuteikning af matfiskastöð ILFS í Viðlagafjöru. Mannvirki eru í þróun og ekki um endanlegt útlit að ræða.



Tölvuteikning af seiðastöð ILFS í botni Friðarhafnar.

Í fjörunni er miðað við að reist verði vinnslubygging fyrir fiskeldið ásamt um 30 kerjum með eldi. Kerin verða misstór, en þau stærstu allt að 12 metrar á hæð. Forsvarsmenn verkefnisins vilja meina að næg orka og vatn sé til staðar fyrir vinnsluna. En tóku einnig fram að aukin nýtingarþörf Vestmannaeyja með þessari vinnslu ásamt sífellt stækkandi bæjarfélagi muni án vafa setja aukinn þrýsting á stjórnvöld um sterkari og öruggar innviði og betri dreifileiðir á orku og vatni til bæjarins. Vestmannaeyjabær hefur sýnt verkefninu mikinn áhuga, stutt það og greitt götur þess, unnið hratt og ákveðið að

gerð aðal -og deiliskipulags fyrir svæðið.

Efla Verkfræðistofa vann umhverfismatsskýrsluna fyrir ILFS og þar er lagt mat á áhrif miðað við fullan rekstur. Meðal annars áhrif dælingar á grunnvatns- og jarðsjávarstrauma, sjónræn áhrif, útivist og ferðaþjónusta.

Mikil áhrif á byggðapróun


Ljóst er að áhrif á atvinnulíf og byggðapróun verða talsverð og jákvæð. „Fyrirsjáanlegt er að fjölgun íbúa verði mjög hröð sem getur skapað vaxtaverki fyrir samfélag og atvinnulíf í Eyjum. Því er mikilvægt að standa vel að öllum undirbúningi. Verk-

efnið mun styrkja atvinnulíf og byggðapróun til lengri tíma lítið. Verið er að skjóta fleiri, fjölbreyttari og styrkari stoðum undir atvinnulíf og samfélag í Eyjum, með atvinnuuppbyggingu sem byggir á styrkleikum svæðisins. Leiðarljósið er að hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag í Eyjum,“ segir í skýrslunni sem nú er til umsagnar og hægt að nálgast á heimasíðu Vestmannaeyjabæjar, vestmannaeyjar.is.


Stofnendur eru Daði Pálsson og Hallgrímur Steinsson en Lárus Sigurður Ásgeirsson, stjórnarformaður kom inn í eigendahópinn á síðari stigum.



VIÐ SMÍÐUM ALLT, EÐA NÁNAST!



VIÐ ERUM VEL TÆKJUM BÚNIR TIL AÐ TAKAST Á VIÐ NÆSTUM HVAÐ SEM ER



Leo Seafood ≡ Fyrirtæki í framlínu í vinnslu á fiski: Allur fiskur fullnýttur

Leo Seafood ehf. er fiskvinnslufyrirtæki í Vestmannaeyjum sem hefur vaxið og dafnað með hverju árinu. Var stofnað 15. október 2001 og hét þá Godthaab í Nöf ehf. Hóf starfsemi í gömlu húsi og fyrsta verkið var að koma því í viðunandi horf. Það kostaði mörg handtökin en tókst og vinnsla hófst þann 1. febrúar 2002. Í fyrstu voru starfsmenn 20. Tækjabúnaður var uppgerð flökunarvél og flæðilína sem keypt var notuð, tveir frystiskápar og tveir frystigámar þar sem fullunnar afurðir voru geymdar.

Næstu árin jukust umsvifin jafnt og þétt og starfsfólki fjölgaði, um leið var aukið við húsnæðið. „Bygður var frystiklefi og smá saman fjölgaði vélum og tækjum í takt við aukin umsvif.

Keypt var ný 24 stæða flæðilína frá Marel og frystibúnaður var endurnýjaður.

Reist var 650 fm viðbygging norðan við Nöfina og þar settur upp tækjabúnaður fyrir uppsjáv-arvinnslu þar sem unninn var maktill um nokkurt skeið,“ segir Bjarni Rúnar Einarsson framkvæmdastjóri Leo Seafood eins og fyrirtækið heitir í dag.

Mikil uppbygging

Nafninu var breytt í júní 2018 til að ná frekar til erlendra viðskiptavina enda mun einfaldara nafn. „Seinni hluta árs 2018 hófst framkvæmdir við uppsetningu á nýjum lausfrysti frá Dantech og Flexicut flakaskurðarvél frá Marel

sem hefur aukið samkeppnishæfni og fjölbreytni framleiðslu fyrirtækisins til muna,“ segir Bjarni Rúnar og áfram var húsnæðið stækkað.

Í nóvember 2018 voru fest kaup á 1800 fm húsnæði á tveimur hæðum að Hlíðarvegi 3 sem var í eigu VSV. Þar er salur fyrir pökkun á lausfrystum afurðum ásamt umbúðageymslum. Árið 2020 var farið í miklar framkvæmdir og reist 290 fm viðbygging á tveimur hæðum. Á efri hæð í nýrri viðbyggingu eru hjartar og skemmtilegar skrifstofur og mótuneyti sem uppfyllir allar nútímakröfur og stærðarinnar svalor. „Á neðri hæðinni var vélasalur stækkaður ásamt móttöku. Á sama tíma var smíðað nýtt þak á allt húsið ásamt því að húsnæðið var klætt að utan þannig að í dag er fátt sem minnir á gömlu Nöfina,“ segir Bjarni Rúnar.

Fjölbreytt framleiðsla

„Við kaupum hráefni bæði í beinum viðskiptum við útgerðir og á fiskmörkuðum. Fyrirtækið vinnur aðallega þorsk, ufsa og ýsu. Þá höfum við verið að prófa okkur áfram í vinnslu á karfa. Framleiðslan eru fersk flök sem flutt eru sjóleiðis og með flugi í kældum umbúðum á markað í Evrópu. Frystar afurðir eru flök og flakahlutar á markað í Evrópu og Bandaríkjunum og saltaðar afurðir fara á Spánarmarkað. Bein og hausar fara til vinnslu hjá Löngu ehf. í Eyjum þannig að


allur fiskur sem við tökum inn er fullnýttur.“

Starfsmenn Leo Seafood eru um 100 í dag og er unnið úr 5000 til 7000 tonnum af hráefni á ári. „Í dag teljum við okkur vera með fiskvinnslufyrirtæki í fremstu röð hér á landi. Auðvitað eru sveiflur í sjávarútvegi, bæði í öflun hráefnis og sveiflur á mörkuðum erlendis. Við byggjum á langri reynslu og hæfu starfsfólki þannig að ég sé ekki ástæðu til annars en bjartsýni á framtíðinni. Íslenskur sjávarútvegur hefur ótrúlega aðlögunarhæfni og menn eru ekkert að fara á taugum þó stundum sé vindurinn í fangið,“ sagði Bjarni Rúnar að lokum.

Núverandi hluthafahópur samanstendur af Sigurjóni Óskarsyni, Daða Pálssyni, Gylfa Sigurjónssyni, Viðari Sigurjónssyni og Þóru Hrönn Sigurjónsdóttur.



Þrír ættliðir saman Ester Ólafsdóttir, dóttir hennar Elva Björk Einarsdóttir og barnabarn Esterar, Hekla Sól Jóhannsdóttir.



Fjárfest fyrir 1,6 milljarða. Frá árinu 2009 þangað til á síðasta ári eru fjárfestir Leo Seafodd samtals 1.637.198 milljónir króna. Og hefur fyrirtækið tekið stór stökk á öllum sviðum fram á við á þessum tíma.

Eyjablikk þjónar fyrirtækjum og einstaklingum

Eyjablikk ehf. var stofnað í apríl 1997 af Stefáni Þ. Lúðvíkssyni og Ísloft blikk- og stálsmiðju þegar Stefán ákvað að flytja til Vestmannaeyja, og var markmiðið með stofnununni að hann hefði eitthvað að gera eftir að hafa flust til Eyjanna.

Árið 2000 keypti Eyjablikk sitt eigið húsnæði að Flötum 27 sem varð fljótlega of mikið. „Nú hefur fyrirtækið yfir að ráða fyrsta flokks 1000 fm húsnæði hvað varðar aðbúnað fyrir starfsmenn

sem og rúmgóða og bjarta smiðju með góðum tækjakosti og erum við tilbúnir í öll þau verk sem viðskiptavinir okkar fela okkur með bros á vör,“ sagði Stefán.

Í dag er starfsfólk Eyjablikks ehf. 20 talsins og eru unnin ýmis verkefni bæði fyrir sjávarútveginn og fólk í Vestmannaeyjum og á fastalandinu.

Starfsmenn Eyjablikks, Árni, Daði, Þórir og Vítor



Vistvæn hönnun, ráðgjöf og eftirlit

Mannvit býður upp á öfluga þjónustu við sjávarútveg á sviði rafmagns, vélbúnaðar, mannvirkja, byggingarstjórnunar og umhverfismála, með sjálfbærni að leiðarljósi.

Mannvit rekur nú starfsstöðvar víðsvegar um landið og veitir verkfræðiráðgjöf og tæknipjónustu á öllum verkstigum.

Við erum á Sjávarútvegur 2022 í Laugardalshöll 21.-23. september.
Verið velkomin í kaffi á bás B32.



MANNVIT



Bekkingarsetur Vestmannaeyja

≡ Uppspretta hugmynda og nýsköpunar:

Tækifæri á hverju horni í Eyjum

„Bekkingarsetur Vestmannaeyja var stofnað 2008 og flutti í Fiskiðjuhúsið í janúar 2018 og hefur tvær hæðir, samtals um 1200 fm til umráða. Þar eru 20 stofnanir og fyrirtæki með sameiginlegri kaffitæru og fundasali af mismunandi stærðum. Þetta er stórskemmtilegt starf og mörg spennandi verkefni á borðinu. Sum langt komin, önnur í vinnslu og gangi allt eftir verður Bekkingarsetrið meðal þátttakenda í stóru verkefni sem gæti létt undir í Evrópu sem horfir fram á stærstu orkukrísu í áratugi,“ segir Hörður Baldvinsson sem tók við sem framkvæmdastjóri fyrir hálfu öðru ári.

„Áherslan er á nýsköpun hér og á Suðurlandi. Ég sé um Uppbyggingarsjóðinn fyrir Samtök sunnlenskra sveitarfélaga, SASS og er á kafi í að fá einstaklinga og fyrirtæki í Vestmannaeyjum til að sækja um styrki í listum, menningu og nýsköpun. Hafa mörg skemmtileg verkefni fengið styrki. Síðast Herjólfsbær þar sem kominn er upp glæsileg sýning. Útsjávareldið, sem kynnt var hjá okkur um daginn fékk tíu milljón króna styrk. Það er mjög stórt verkefni og komist það af stað yrði það ásamt fleiru til að auka fjölbreytni í atvinnulífi hér í Eyjum.“

Hörður nefnir næst rauðátuverkefnið. Tilraunveiðir byrjuðu í sumar og lofa góðu en að baki liggur mikill undirbúningur. „Náum við sama árangri og fyrirtæki sem við erum að vinna með í Noregi gæti það þýtt 40 manna fyrirtæki sem er stórt á okkar mælikvarða. Þar yrðu í boði spennandi hátekjustörf fyrir m.a. vísindafólk. Svona fyrirtæki koma ekki á færibandi og því verður frumkvæðið að vera okkar.“



Hluti fólks sem starfar í Bekkingarsetrinu þar sem CCP, Eyjasýn, FabLab, Fiskistofa, Hafrannsóknastofnun, Háskóli Íslands, Heilbrigðiseftirlit Suðurlands, KPMG, Mannvit, Mátis, Náttúrustofa Suðurlands, Páll Þór Guðmundsson, Rannsóknabjónustan Vestmannaeyjum, SASS, Sea Life Trust, Sjóklæðagerðin hf -66°Norður, Umhverfisstofnun-Surts-eyjarstofa og Viska eru með aðstöðu.

Gervihnettir í fiskileit

Notaðir eru gervihnettir til að finna rauðátuna sem er mest í kring um Vestmannaeyjar, fimm til sex milljón tonn og segir Hörður lyfjarisa og fyrirtæki sem framleiða fæðubótarefni tilbúin að kaupa vöruna á afar háu verði. „Efni úr rauðátunni er m.a. notað gegn sykursýki tvö,“ segir Hörður og heldur áfram.

„Í dag er atvinnuleysi hér í lágmarki en ef við viljum sjá bæinn stækka og dafna þarf fleiri egg í körfuna. Við eigum gríðarlega öfluga einstaklinga sem vilja gera betur og ein hugmynd er svo-kallað þekkingarferðalag,“ segir

Hörður og er mikið niðri fyrir.

„Vestmannaeyjar eru staður sem fólk vill heimsækja og er tilbúið að borga stórfé fyrir. Ferðamenn sem vilja fá ákveðna upplifun. Möguleikarnir eru til staðar og með þetta öfluga fólk á öllum sviðum standa okkur allar dyr opnar.“

Hörður tók MATEY hátíðina sem heppnaðist mjög vel sem dæmi. Framtíkið lokkaði fjölda manns til Eyja. „Þetta er hugmyndin hans Frosta sem stýrir Fab Labinu hér á þriðju hæðinni. Gott dæmi um mann sem hugsar út fyrir kassann. Hver vika sem okkur tekst að lengja ferðamanna-

tímabilið gefur mikla peninga.

Það eru lífsgæði að búa hér á þröskuldi Norður Atlantshafsins sem er ein mesta matarkista heims. Hvar annars staðar í heiminum er að finna það sem við höfum? Tækifærin eru á hverju horni, sama hvort það er sjórinn, ferðamennskan, náttúran eða kröftugt mannlíf. Allt gerir þetta okkur kleift að takast á við stór verkefni okkur Eyjabúum og allri þjóðinni til heilla. Við þurfum markvisst að bæta enn frekar möguleika einstaklinga og fyrirtækja til að stækka og eflast. „The, sky is the limit“ eins og sagt er,“ sagði Hörður að endingu.



N1 fylgir þér á sjó og landi


Sýningin Sjávarútvegur 2022 verður haldin
21.–23. september í Laugardalshöll



Við hlökkum til að sjá þig í bás B-23

N1 þjónar íslenskum sjávarútvegi með þéttu neti afgreiðslustaða um allt land og sér sjávarútvegsfyrirtækjum, stórum sem smáum, fyrir eldsneyti, smurólum, efnavörum og vinnufatnaði.

Kynntu þér nýjungar í þjónustu N1
á sýningunni Sjávarútvegur 2022.



ICELAND FISHING
EXPO 2022
Sjávarútvegur 2022

440 1000 n1.is



ALLA LEIÐ

Spurt og spjallað við sjómenn á Eyjaflotanu

Ekkert eðlilega flott áhöfn og góður mórall

Nafn: Óttar Steingrímsson.

Hvar ertu að róa í dag: Ég er að róa á Sigurði Ve 15.

Fyrsta pláss: Fór fyrsta túrinn minn á frystitogaranum Vestmannaey Ve 54, þá var Biggi Skipper svo aumingjagóður að taka drullu-sjóveikan 16 ára peyja með sér.

Ár til sjós: Byrjaði að leysa af á sumrin frá 2005 til 2012, þá prufaði ég að ráða mig í 8-4 vinnu á skrifstofu. Entist þar í 9 mánuði, sagði upp og fór að vinna hjá Snorra í löndunargenginu og leysti af á sjó með því. Fékk svo mitt fyrsta fasta pláss árið 2014 svo þetta hefur verið mín aðalstarfsgrein í 8 ár.

Hvað er það skemmtilegasta við að vinna til sjós: Samveran með góðum drengjum hér um borð er kostur, vinnan oftast nær skemmtileg, en það sem stendur upp úr er að sjálfsögðu að þegar maður kemur heim í frí.

Hvaða veiðiskapur er skemmtilegastur: Ég veit það ekki þetta er



allt vinna, þegar fiskast vel hvort sem það er í trollið eða nótina þá er gaman.

Hvaða réttur er í uppáhaldi frá kokknum: Það er a.m.k. ekki bjúgu! Ætli ég verð ekki að segja kjöt í karri. Annars verð ég að taka honourable mention á Stebbana tvo á Þórunni Sveins,

asískur fiskréttur sem Stebbi bauð upp á í mörg ár á Herjólfu og svo KFC boxmaster kjúlli hjá Café María prinsinum.

Hver er hressastur í stakkageymslunni: Það er erfitt að gera upp á milli peyjana hér um borð enda ekkert eðlilega flott áhöfn og góður mórall, en Porsche eigandinn

Friðrik Elís Ásmundsson er með allt upp á 10!

Hvað er eftirminnilegast á ferlinum (túr, sjómaður, uppákoma eða eitthvað annað)? Ætli ég verð ekki að nefna það að þegar ég fór einn túr á grænlenka skipið Tuneq (áður Þorsteinn Þh 360) voru nokkrir Grænlingar um borð sem höfðu mismikið snert á sjómennskunni og skildu ekki stakt orð í ensku. Bæði veiðar og vinnsla höfðu gengið hálf brösulega svo mórallinn var svona upp og ofan. Þetta var rúmlega tveggja vikna túr. Í þessa veiðiferð kom grænlenkur eftirlitsmaður með okkur, hann fór í fylu þar sem hann fékk ekki að vera einn í klefa og þ.a.l. svaf hann á bekknum í messanum allan túrinn, gekk í sjoppuna um borð heldur frjálst, lagerstaðan rýrnaði hratt og innkoman ekki eftir úttekum. Sást tvisvar sinnum á dekkinu í eftirlitsstörfum annars var það bara Coca-Cola og Prins Polo á bekknum.

Vannærður í landi

Nafn: Páll Eydal Ívarsson.

Hvar ertu að róa í dag: Ég er háseti á Ísleifi Ve.

Fyrsta pláss: Ég tók eitt sumar 2017 á Huginn Ve.

Ár til sjós: Er búinn að vera on and off síðan 2017.

Hvað er það skemmtilegasta við að vinna til sjós: Launin eru skemmtileg þegar vel gengur. Svo er það ákveðinn lúxus þegar konan er kominn með nóg af þér þá ferðu á sjó í viku-10 daga þá er hún vonandi búinn að jafna sig. Kemur svo í löndun í einn til tvo daga svo fær hún aftur frí. Svo er alltaf stemming að vera með 10 öðrum gömlum körlum útá ballarhafi.

Hvaða veiðiskapur er skemmtilegastur: Nú hef ég bara prófað flottroll og nót. Ég verð að segja að nótin sé skemmtilegrí þó þessi nótarvertíð hafi verið helvítis hark þá var þetta að sama skapi skemmtilegt.



Hvaða réttur er í uppáhaldi frá kokknum: Þetta er nokkuð basic hjá mér, það er allt gott hjá honum nema þegar hann ákveður að skemma matinn með því að troða hnetum í hann. Þá er hann orðinn

óætur og ég verð mjög matsár. **Hver er hressastur í stakkageymslunni:** Það kemur bara einn maður til greina og það er Einar Sigþórson. Hann er oftast með miklar og góðar þælingar um hvernig á

að klæða sig út á dekki hvort hann eigi að fara í innra byrðið eða ekki og fleiri góðar þælingar.

Hvað er eftirminnilegast á ferlinum (túr, sjómaður, uppákoma eða eitthvað annað)? Nú er ég enn þá nokkuð blautur á bak við eyrun í þessu en það er líklegast þegar ég kom til baka úr löngu frí og Viktoría var ekki eins dugleg og kokkurinn að gefa mér þrjár máltíðir á dag og við vorum að taka trollið frá borði. Ég stóð fyrir ofan nótakassann og skyndilega finn ég fyrir því að ég sé að missa sjónina svo varð allt svart og ég dett aftur fyrir mig og hefði hrúðið með hausinn fyrst ofan í nótakassann sem er ágætis fall en Steini Óla og Árni Gunn gripu mig sem betur fer á leiðinni niður. Fór svo í test á spítalanum þá var þetta líklegast vannæring sem skrifast væntanlega á hana Viktoríu mína.

Frábært að byrja sem peyi með öðlingunum á Berg VE

Nafn: Sigurbjörn Árnason (Bjöss)
Hvar ertu að róa í dag: Huginn VE 55.

Fyrsta pláss: Berg VE 144, með frændum mínum Sævald og Kristni Pálssonum. Stýrimenn voru Addi Óli í Suðurgarði og Maggi á (Sighvati) Ísleifi. Frábært að byrja sem ungur peyi á sjó með þessum öðlingum.

Ár til sjós: Í apríl á þessu ári voru komin 43 ár.

Hvað er það skemmtilegasta við að vinna til sjós: Öll vinna þegar gengur vel.

Hvaða veiðiskapur er skemmtilegastur: Flottrollsveiðar.

Hvaða réttur er í uppáhaldi frá kokknum: Allur matur er góður. En verð samt að minnast á ítalska réttinn sem Palli í Vegg græjaði



og grísk/hægeldaða lærið hjá Eysteini.

Hver er hressastur í stakkageymsl-

unni: Heilt yfir eru menn hressir og mishressir.

Hvað er eftirminnilegast á ferlin-

um (túr, sjómaður, uppákoma eða eitthvað annað)? Nóvember 1985 er mjög eftirminnilegur. Klakkur VE 103 að fara heim eftir löndun í Bremerhaven. Það voru 10 til 12 vindstig og mjög mikill sjór. Við vorum ekki búnir að sigla lengi. Um klukkan níu um morguninn fengum við á okkur brotsjó sem var eins og fjallgarður og þrír gluggar brotnuðu, hurð aftan til á brúnni sprakk út og þeir sem voru í brúnni stóðu upp að höndum í sjó sem flæddi síðan niður í mannaþúðir. Höfuðkompásinn sem var uppi á brúarþaki lagðist á hliðina. Öll tæki duttu út en sem betur fer drapst ekki á aðalvélinni. Það var ótrúlegt hvað flestir voru rólegir en auðvitað voru einhverjir mjög skelkaðir.

Slepp við að ryksuga heima

Nafn: Sigurður Þór Símonarson.

Hvar ertu að róa í dag: Dala-Rafni og svo förum við yfir á Suðurey inn á milli.

Fyrsta pláss: Kristbjörg VE 70 á línu og snurvoð.

Ár til sjós: 27 ár, djöfull er maður orðinn gamall!

Hvað er það skemmtilegasta við að vinna til sjós: Slepp við að ryksuga heima og taka til.

Hvaða veiðiskapur er skemmtilegastur: Netaveiði á vertíð með góðum köllum.

Hvaða réttur er í uppáhaldi frá kokknum: Hakkabuff með spæleggi alltaf jafn vinsælt.

Hver er hressastur í stakkageymsl-



unni: Siggí Sveins vélstjóri, alltaf hress sama hvað gengur á.

Hvað er eftirminnilegast á ferlinum (túr, sjómaður, uppákoma eða eitthvað annað)? Það er margt eftirminnilegt á ferlinum en ég verð að minnast á Ulla vélstjóra. Hann var eftirminnilegur karakter, blessuð sé minning hans.

Ef ég fæ ekki hamborgara, þá sé ég ekki tilgang með þessu öllu

Nafn: Hólmgeir Austfjörð.

Hvar ertu að róa í dag: Ottó N Þorlákssyni „King Ottó” og Álsey.

Fyrsta pláss: Aron Þh 105 frá Húsavík sem Allí bróðir mömmu gerði út.

Ár til sjós: Þau eru orðin 19, tók 12 ára hlé á meðan við áttum Grillhúsið.

Hvað er það skemmtilegasta við að vinna til sjós: Það er alltaf skemmtilegast að koma heim eftir fjarveru frá fjölskyldunni.

Hvaða veiðiskapur er skemmtilegastur: Það eru klárlega handfæraveiðar, það er fátt skemmtilegra en að fara út snemma morguns, með ný uppáhelt kaffi og kruðerí og renna fyrir fisk í góðu veðri.



Hvaða réttur er í uppáhaldi frá kokknum: Hamborgarar, ef ég fæ ekki hamborgara 1-2 skipti í viku, þá sé ég ekki tilgang með þessu öllu.

Hver er hressastur í stakkageymsl-
unni: Bjarni Ólafur Viðarsson er sprellikallinn, alltaf í góðu skapi og lyftir þannig mórálnum upp.

Hvað er eftirminnilegast á ferlinum (túr, sjómaður, uppákoma eða eitthvað annað)? Það er margt sem kemur til greina, en ætli það sé ekki þegar ég var á Frá VE, með Sindra Óskars. Við lentum í svo kolvítlausu veðri fyrir austan land að ég hringdi heim til að kveðja. Sagði reyndar engum frá því að svo væri því auðvitað vildi maður ekki að fólkið manns yrði óttaslegið.

Eyjapeyinn og sendiherrann stendur vaktina fyrir Ísland í Japan:

Loðna ættuð úr Eyjum góðmeti á Japansmarkaði

„Ég hef oft sagt að sendiráðin séu hagsmunatæki fyrir Ísland. Öll fullvalda og sjálfstæð ríki halda úti neti sendiráða og annarra sendiskrifstofa til að standa vörð um hagsmuni sína. Kynna land og þjóð erlendis og stuðla að því að treysta tengsl, leysa úr ágreinngi ef svo ber undir og veita stjórnvöldum í heimalandinu ráðgjöf um einstaka þætti í samskiptum landanna eftir efnum og ástæðum. Og síðan er það hlutverk okkar að vera vakandi fyrir tækifærum, m.a. viðskiptatækifærum og líka stuðla að menningartengslum. Japan er líklega stærsti markaðurinn fyrir íslenskar vörur í Asíu, ekki síst fyrir sjávarafurðir. Þeir kunna svo sannarlega að meta þessar vörur, gera kröfur um gæði en geta jafnframt borgað góð verð,“ segir Stefán Haukur Jóhannesson, sendiherra Íslands í Japan.

Stefán hefur víða komið við hjá utanríkisþjónustunni eftir að hann byrjaði þar 1986, nýútskrifaður lögfræðingur. Var m.a. í Genf þar sem alþjóðaviðskiptamálin eru fyrirferðamest, hjá EFTA og Alþjóðaviðskiptastofnuninni. Fulltrúi Íslands í samningaviðræðum um fríverslunarsamninga og formaður samninganefnda fyrir aðildarríkin t.d. um aðild Rússa. Hefur setið í úrskurðarnefndum í alþjóðlegum viðskiptadeilum og þá í krafti þekkingar sinnar og reynslu en ekki sem fulltrúi



Sendiherra okkar í Japan er Eyjapeyi, sonur Jóhannesar Tómassonar í bankanum og Guðfinnu Stefánsdóttur, Minnu í Skuld. Giftur Halldóru Hermannsdóttur, sem er ættuð frá Flateyri og Siglufirði. Eiga þrjú börn og fjögur barnabörn. Lögfræðingur að mennt. Byrjaði í utanríkisþjónustunni skömmu eftir að laganámi lauk árið 1986. Strax í djúpu laugina. Reagan, Gorbachev leiðtogafundurinn brast á með stuttum fyrirvara. „Elsta dóttir okkar fæddist um það leyti sem leiðtogarnir mættu á vettvang. Mikið að gerst í vinnunni og í lífi mínu. Síðan vorum við í Brussel í lok níunda áratugarins þar sem ég var í NATO málum, mín fyrstu verkefni erlendis, aftur - mikið að gerast, Berlinarmúrinn að falla og kalda stríðinu að ljúka,“ segir Stefán.

Íslands. „Var sendiherra í Brussel þar sem hagsmunarekstur fyrir Ísland var fyrirferðarmestur,“ segir Stefán Haukur sem milli verkefna erlendis hefur verið ráðuneytisstjóri og aðalsamningamaður Íslands í viðræðum við ESB um mögulega aðild þar til viðræðum var hætt.

Loðna ættuð úr Eyjum

Sem sendiherra í London varði hann hagsmuni Íslands þegar

Bretland gekk úr Evrópusambandinu en þaðan lá leiðin til Japan í janúar á síðasta ári. Hann segir mikilvægi sendiráðsins mikið fyrir viðskipti Íslands og Japans, ekki síst sjávarafurða. „Þar ber hæst loðna og líklega er stærsti hluti hennar sem ratar á Japansmarkað, ættuð úr Eyjum. Grálúða og karfi eru einnig mjög verðmætar útflutningsafurðir fyrir okkur Íslendinga hér. Japanir eru ákaflega sólgirnir í þetta góðgæti úr hafinu og ekki síst loðnu, eða „shisamo“.

Japanir virða mjög sendiráð og finnst mikið til þeirra koma að því er kemur fram hjá Stefáni Hauki. „Þannig að sendiherra og sendiráð geta hjálpað til við að koma á tengslum og opnað dyr fyrir fyrirtæki sem ella gæti verið erfitt. Sendiráð og sendiherrar geta í raun vegið enn meira í Japan en til dæmis á nær mörkuðum okkar í vestrænum ríkjum sem eru líkari okkur menningarlega.“

Útverðir Íslands

Stefán Haukur segir sendiráðin einskonar útverði íslenskra hagsmuna. „Í því felst m.a. að fylgjast með stjórnmálaþróun í gistiríkjum og hvaða áhrif t.d. þróun alþjóðamála hefur, nú síðast t.d. stríðsátökin í Úkraínu. Hver er afstaða japanskra stjórnvalda?

Hvernig eru Japanir að bregðast við? Eru þeir að taka þátt í viðskiptaþvingunum? Eða hvað er að gerast í nágrannaríkinu Norður Kóreu og kjarnorkuvopnatilburðir Kim Jong-Un, hvaða áhrif hafa þeir í Japan?

Vegna hinar auknu spennu í samskiptum Bandaríkjanna og annarra vestrænna og líkt þenkjandi ríkja annars vegar og Kína hins vegar hefur þungamiðja heimsálanna að mörgu leyti færst til Indlands- og Kyrrahafs. Þar er Japan lykilbandalagsríki og vinabjórð fyrir okkur í þessum heimshluta og afar mikilvægt er að rækta þessi tengsl. Það er brýnt fyrir okkur að geta fylgst með frá fyrstu hendi og greint okkar hagsmuni á eigin forsendum. Þetta eru ákaflega áhugaverðir tímar að vera hér í Japan, en um leið er þróunin уггvænleg,“ segir Stefán Haukur og bendir á að viðskiptaumhverfið sé líka að breytast í þessum heimshluta.

Flókin keðja

„Við þurfum að vera vakandi yfir því og hvaða áhrif það hefur á okkar viðskiptahagsmuni. Ekki má gleyma því að það er ekki nóg að veiða fiskinn og vinna hann, við þurfum að markaðssetja og selja hann og til að geta selt hann þurfum við samninga um tollakjör, heilbrigðisvottanir o.s.frv. Og til að geta samið um slíkt þarf sérfræðinga sem þekkja til.“

Japanir hafa gert fríverslunarsamning við ESB ríkin og einnig Breta og einnig við ríkin við Indlands- og Kyrrahaf. „Hvað þýðir það fyrir okkur? Þýðir það að samkeppnisaðilar okkar fá betri markaðsaðgang en íslensk fyrirtæki? Og hvað getum við gert í því? Þáttur í þessu öllu er að byggja upp tengslanet við einstaklinga í stjórnkerfinu, í sveitarfélögum og fyrirtækjum og menningargeiranum. Fara í heimsóknir, tala við fólk, vekja athygli á Íslandi og því sem við stöndum fyrir.“

Djarft framtak

A síðustu vertíð flutti VSV út ferska loðnu til Japans. Segir Stefán Haukur að það hafi honum fundist djörf tilraun og skemmtileg. „Og virkilega ánægjulegt að geta tekið þátt á þessum enda. Það er ekki einfalt mál að flytja ferskvör, fisk, yfir hálfan hnöttinn, hvað þá á þessum Covid- og



Stefán Haukur með stjórnendum Aeon stórverslunarkeðjunnar sem stóðu að kynningaráttaki á ferskri loðnu með VSV.



Fjölskyldan í Eyjum. Lengst til vinstri Ylfa Björk í fangi föður síns Einars Hrafn, tvíburinn Matilda Dora í fangi móður sinnar Agnesar, Benjamín Haukur sonur Agnesar, Stefánía yngsta dóttir okkar, Stefán Haukur og hinn tvíburinn Cora Georgína í fangi ömmu sinnar Halldóru.

átakatímum þar sem öll aðföng og flutningaleiðir voru flóknari og dýrari. Og síðan eru Japanir ekki vanir ferski loðnu. Yfirleitt er hún forunnin, létt gufusoðin eða þurrkuð. Parna var okkar fólk hjá VSV að kanna hvort þetta gengi yfirleitt upp. Og það gerði það. En líklega er þetta of dýr flutningsleið til að gera þetta í miklu magni.

Fersku loðnunni var afar vel tekið. Risastóra verslunarkerðjan AEON var með kynningu sem ég tók þátt í. Þeir djúpsteiktu hana í orly deigi og voru með fleiri útgáfur. Hún var mjög ljúffeng verð ég að segja og við Eyjamenn ættum nú að fara að gyrða okkur í brók og byrja að læra að neyta hennar.

Ég held að það sé óhætt að segja að þetta hafi vakið athygli. Það komu þó nokkir fjölmiðlar sem gerðu þessu ágætis skil. Ferska loðnan seldist upp og mér skilst á VSV liðum að endurtaka eigi leikinn.“

Tækifæri á stórrí sýningu

Þú varst á stóru sjávarútvegssýningunni í Tokyo. Hvernig fannst þér til takast?

„Það var ánægjulegt að íslensk fyrirtæki tóku þátt í sjávarútvegssýningunni. Mér skilst á þeim að vel hafi tekist til. Þeir náðu samböndum við vænlega viðskiptavinum sem á vonandi eftir að skila sér í nýjum viðskiptatækifærum. En mér skilst á okkar fólk að þeir hafi fundið fyrir því að heldur daufara var yfir hlutunum vegna heimsfaraldursins enda voru smitvarnir töluverðar í Japan.

Marel var þarna líka með samstarfsaðilum sínum. Ég gæti trúað að það séu mikil tækifæri fyrir slíkt fyrirtæki því vinnuafli er dýrt í Japan og eins og ég nefndi áðan þá verður meðalaldur þjóðarinnar stöðugt hærri og vinnuafli vantar.

Því verður stöðugt meiri áhersla á að nýta vélar í stað vinnandi handa eins og t.d. í fiskvinnslu og annarri matvælavinnslu. Þar eru Japanir komnir töluvert skemmra á veg en við Íslendingar.“

Íslendingum vel tekið

Hvernig finnst þér Ísland kynnt í Japan?

„Íslandi og Íslendingum er mjög vel tekið í Japan. Við njótum líka góðs af að vera í hópi með hinum Norðurlöndunum og Japanir líta gjarnan á okkur sem eina heild í jákvæðum skilningi. Ísland er auðvitað mjög fjarlæg land en um leið eru Japanir mjög forvitnir um okkur og finnst Ísland spennandi. Löndin eru mjög ólík að mörgu leyti en það er ýmislegt líkt með okkur. Japan er með stærri þjóðum heims og þriðja stærsta hagkerfi veraldar meðan við erum með þeim minnstu. Hvernig þeim tókst að byggja upp landið úr rústum heimstyrjaldarinnar seinni er nánast kraftaverk.

Ísland var í sjálfu sér fátækt land fram að stríði þó við hefðum ekki lent í þeim hryllingi sem Japanir þurftu að upplifa. Okkur tókst að byggja upp nútímalegt velferðarsamfélag á nokkrum áratugum eins og þeim. Við erum miklar fiskætur eins og Japanir, þó að við matreiðum fiskinn okkar með öðrum hætti. En við getum lært margt af þeim, t.d. hvernig þeir nota þara í matargerð og þurrkaðar sjávarafurðir. Mér sýnist reyndar að Gísli okkar Matt á Slippnum sé að gera frábæra hluti.“

Öfunda okkur af stöðu jafnréttismála

„Ef ég á að nefna eitthvað þrennt sem Ísland er einna þekktast fyrir hér í Japan, myndi ég fyrst nefna jafnréttismálin. Það hefur vakið athygli hversu staðan hjá okkur er góð miðað við önnur lönd þó

vissulega sé áfram verk að vinna á Íslandi.

Ísland hefur verið efst á jafnréttiskvarða „World Economic Forum“ í 13 ár í röð meðan Japan er í 116. sæti. Þeim líður ekki vel með þetta og gengur illa að þokast áfram í jafnréttisátt. Hér er mikið karlaveldi. Þeir eru því ákaflega forvitnir að vita hvað það er sem við erum að gera sem samfélag til að ná þessum árangri. Þannig að ég hef farið í ófá viðtöl og verið með ótal kynningar um Ísland og jafnréttismál, löggjöfina á Íslandi sem lýtur að þessu. Hver staðan er með leikskóla og niðurgreiðslu á leikskólajöldum, kynjakvóta og aðrar aðgerðir sem Ísland hefur gripið til.

Ég hef stundum nefnt við Japani að ég hafi átt ótal marga fundi með embættismönnum, stjórnmálafólki og fulltrúum fyrirtækja. Yfirleitt er þetta háttsett fólk. Af öllum sem ég hef hitt gæti ég giskað að 90% eða jafnvel meira séu karlar. Þannig að þeir hafa verk að vinna.

Þetta er dæmi um málaflokk þar sem Ísland hefur mikið kennivald þar sem beinlínis er sóst eftir rödd Íslands. Þetta hefur svo mjög góð áhrif á ímynd okkar sem smitar yfir í aðra þætti eins og viðskiptahagsmuni, menningu o.s.frv.

og nefnir líka Sigur Rós sem voru með tvöna tónleika í Tókýó og víðar fyrir á árinu. Einnig eru Ásgeir Trausti og Of Monsters and Men mjög vinsæl. Síðast en alls ekki síst má nefna Víking Heiðar. Loks gæti ég nefnt norðurljósin, sem Japönun finnst mikið til koma og er mikill hvati fyrir þá til að ferðast til Íslands. „Þeir eru aufúsugestir, því þeir koma ekki síður á veturna einmitt til að upplifa norðurljósin. Samband okkar við Japani á mennta- og vísindasviðinu er einnig mjög sterkt og mikil tækifæri til aukins samstarfs.

Tillitsamir og hjálpfúsir

Góður aðgangur er að styrkjum fyrir íslenska stúdenta til náms og rannsóknarstarfa í Japan. Á ári hverju, fyrir heimsfaraldirinn dvaldi nokkur hópur íslenskra háskólanema í japönskum háskólum við nám. Eitt af vaxandi hlutverkum sendiráðsins er styrkja samband og samstarf íslenskra og japanskra rannsóknarstofna.“ segir Stefán Haukur og er ánægður með gestgjafana.

„Japanir eru kurteisir, tillitsamir og hjálpfúsir og agaðir. Þetta er svo einstök þjóð að mörgu leyti. Ég hef stundum sagt að ég held að ég hafi upplifað fleiri jarð-



Stefán Haukur veitir vinsælli veitingahúsakeðju viðurkenningu fyrir að bjóða upp á íslenska grálúðu og karfa sem fastarétt á veitingaseðli sínum.

Þekkja Björk

Síðan er það svo að þó við séum þekkt fyrir sjávarafurðir þá vita samt flestir Japanir ekki að lunginn af loðnunni sem þeir eru svo sölgirnir í kemur frá Íslandi, hvað þá mínum heimabæ. Stundum þegar ég segi þeim það er eins og þeir hafi himinn höndum tekið. Mér finnst reyndar ákaflega vænt um að vera herna megin virðis-keðju loðunnar og geta tengt hana Íslandi. Nota auðvitað hvert tækifæri að básúna það að hún komi frá Eyjunni minni.

Síðan gæti ég nefnt tónlist, en Björk á ansi stóran aðdáendahóp hér. Hún verður með tónleika í mars í Tókýó og ríkir mikil eftirvænting,“ segir Stefán Haukur

skjálfta eftir að ég kom til Tókýó en bílflaut á götum úti. Þú flautar bara ekki, það er ekki tillitsamt. Þú víkur, gefur séns og svínar ekki. Og Tókýó og Japan er líklega einn öruggasti staður í heimi hvað glæpi varðar.

Veit um dæmi þess að Íslendingar sem hér búa hafa týnt krítarkorti í hraðlest. Einum eða tveimur dögum síðan bankaði lögreglan upp á til að skila kortinu. Þetta kom í tvígang fyrir sama mann. Óskilamunum er skilað til lögreglunnar þar sem þú getur vitjað þeirra eða þeir leggja á sig að reyna að finna hverjum gripurinn tilheyrir ef það er hægt. Rán, hnupl og þjófnadaðir eru fáheyrðir,“ sagði Eyjapeyinn Stefán Haukur að endingu.

Hafnareyri snyrtilegasta fyrirtækið 2022

Umhverfisiðurkenningar Rótarý og Vestmannaeyjabæjar voru afhentar mánudaginn 5. september sl. Snyrtilegasta fyrirtækið þetta árið er Hafnareyri ehf. sem Trausti Hjaltason stýrir.

„Við fluttum verkstæðið okkar í húsið fyrir tæpum þremur árum síðan og byrjuðum á að vinna í lóðinni og aðlaga hana að okkar starfsemi, við útbjuggum starfsmannaaðstöðu og komum upp verkstæði að innan. Vinnslustöðin átti húsið og hafði geymt veiðarfæri og mjöl í húsinu, þá var búið að taka þetta sögulega hús í gegn að utan, klæða það og skipta um þak,“ sagði Trausti.

Hafnareyri er þjónustufyrirtæki til sjós og lands. Hjá fyrirtækinu starfa um 60 starfsmenn. Höfuðstöðvar fyrirtækisins eru í Fiskiveri þar sem verkstæði fyrirtækisins er. Hafnareyri rekur einnig löndunarpjónustu, Eyjaís, frystigeymslu, saltfiskgeymslu og akstursþjónustu.

„Umsvifin eru meiri og fjölbreyttari en margan grunar og oft mikið fjör. Það skiptir því miklu máli að búa vel að starfsfólki og erum við sifellt að leita leiða til að gera betur. Í sameiningu hefur okkur tekist að búa starfseminni góða umgjörð. Viðurkenningin



er allra sem hér starfa og þurfa allir að róa í sömu átt til að hafa snyrtilegt umhverfi, starfsfólkið á því mikið hrós skilið. Ég verð svo að endingu að nefna að eigendur fyrirtækisins hafa alltaf stutt vel við bakið á okkar hugmyndum varðandi framkvæmdir, sem er ekki sjálfgefið,“ voru lokaorð Trausta.



Myndir: Addi í London



Hampaðjan í Vestmannaeyjum þjónar flotanum þegar kemur að veiðarfærum. Þar er líka öflugur hópur sem alltaf er reiðubúinn þegar á þarf að halda. Frá vinstri: Jón Garðar Einarsson, Sigurður Sveinsson, Óskar P. Friðriksson, Ingvaldur Magnúsdóttir, Birgir Þór Bjarnason, Ingi Freyr Ágústsson og Magnús Birgir Guðjónsson. Mynd: Halli í London.



Ísfell netagerð í Vestmannaeyjum stendur á gömlum stoðum sem er Neta-gerð Ingólfs Theódórssonar sem var með stærstu netaverkstæðum landsins á síðustu öld. Þar er gert við öll veiðarfæri og ný búin til. Hér er Birkir Agnasson, framkæmdastjóri með sínum mönnum og einum gesti. F.v. Amboz, Jacek, Birkir, Óskar sem leit við, Tindur Snær og Björn.

Konur í sjávarútvegi í Vestmannaeyjum:

Samantekt Gígja og Eygló

Hulda Ástvaldsdóttir

Hulda Ástvaldsdóttir starfar í dag hjá Idunn Seafoods eftir að hafa starfað í Vinnslustöðinni í 37 ár en hún ætlaði upphaflega bara að koma í mánuð eða tvo.

Hulda er fædd og uppalin í Keflavík en þegar hún kom til vinkonu sinnar á vertíð til Eyja árið 1985 kynntist hún eiginmanni sínum, Ísleifi Arnari Vignissyni, á Skansinum og hefur búið hér síðan þá. Hulda man það eins og það eins og það hafi gerst í gær þegar hún hóf störf í Vinnslustöð Vestmannaeyja. „Ég byrjaði þann 13. mars 1985.”

Blaðamaður hafði orð á því hversu nákvæmlega hún myndi þetta en þá stóð ekki á svörum. „Daginn áður en ég byrjaði, 12. mars hafði orðið sprengjuhótun í Vinnslustöðinni. Öllu starfsfólkinu var smalað saman út í rútur



og beið þar á meðan leitað var að sprengjunni,” sagði Hulda.

Líkar vel

Hulda breytti um starfsvettvang á árinu þegar hún færði sig yfir til

Idunn Seafoods, dótturfyrirtækis Vinnslustöðvarinnar. Þar er verið að niðursjóða þorsklifur í dósum. Hulda mætir hálf sjö alla morgna til ellefu og þrífur það sem þarf að þrifa og þvær vinnufatnað starfsmanna.

„Mér líkar rosalega vel á nýja staðnum, ég er frjálfsari, skemmtilegt fólk, þetta er minni vinnustaður og því töluvert færri fólk hér en líkt og í Vinnslustöðinni er rosalega gott fólk að vinna hér. Við náum vel saman þó að flestir séu af erlendu bergi brotnir en ég og Dagur Arnarsson erum einu Íslendingarnir í Idunni.”

Miklar breytingar

Hulda segir að miklar breytingar hafi átt sér stað í geiranum síðan hún hóf störf. „Ég var búin að prófa allt hjá Vinnslustöðinni nema nýja kerfið sem notað er í dag á vöktunum. Það hefur allt

breyst svakalega mikið. Það var miklu skemmtilegra í gamla daga. Starfsfólkið var miklu meira saman, eins og á borðunum í den þegar ég var að byrja, það var alltaf gaman í vinnunni, alltaf stuð, eitthvað sem kom uppá, það er miklu verksmiðjuvænna í dag,” sagði Hulda og bætti við greinin hefði þróast mikið á þessum tíma. „Í dag er allt orðið mikið hraðara, það er miklu meira þælt í hlutum og þá sérstaklega gæðamálum. Hér áður fyrr varstu varla með húfu á hausnum en í dag eru kom-in hárnét fyrir skegg. Hreinlæti er orðið miklu meira og öðruvísi. Það er ekkert hægt að líkja þessu saman,” sagði Hulda og hló. „Það var mjög gott að starfa hjá Vinnslustöðinni annars hefði ég verið löngu farin þaðan. Góðir vinnuveitendur og yfirmenn sem reyna að taka tillit til starfsfólksins.”

Ragnhildur Þorbjörg Svansdóttir

kom á vertíð til Vestmannaeyja 17 ára gömul árið 1990. Planið var að stoppa í þrjá mánuði og safna sér pening á vertíð. Plönin breyttust þegar Ragnhildur kynntist eiginmanni sínum Vilhjálmi Vilhjálmsyni og er Ragnhildur hér enn þrjátíu og tveimur árum síðar, orðin verksmiðjustjóri hjá Marhólmi.

Ragnhildur og Vilhjálmur eiga þrjú börn en þau heita Sigurður Ingi, Sigurbjörg Jóna og Svanur Páll og eru barnabörnin orðin þrjú, Andrea Inga, Þorbjörg Sara og Hákon Dagur. Ragnhildur vann við fiskvinnslu fyrstu mánuðina en endaði svo sem verslunarstjóri í tuttugu ár. „Ég fór eftir það í tvö



ár til Vinnslustöðvarinnar en síðan var mér boðið starf hjá Marhólmi. Þar hef ég nú unnið á tíunda ár og starfa þar sem verksmiðjustjóri.”

Marhólmur er fyrirtæki sem

sérhæfir sig í fullvinnslu úr sjávarfangi sem landað er í Vestmannaeyjum. Í dag einbeittir fyrirtækið sér að fullvinnslu hroga, einkum loðnuhroga og hrognum úr bolfiski. „Sem verksmiðjustjóri þá sé ég um allan daglegan rekstur og stýri framleiðslu fyrirtækisins í samráði við mína yfirmenn. Eins vinn ég mjög þétt með þeim í allri vörubrúun. Þá eru starfsmannamálin einnig á minni könnu. Hefðbundinn vinnudagur hjá mér byrjar kl. sex á morgnana við undirbúning á framleiðslu dagsins en vinnslan hefst tíu mínútur í sjö og lýkur deginum um klukkan fimmtán,” sagði Ragnhildur.

Veltan tífaldast

Hlutverk Ragnhildar hjá Marhólmi hefur breyst og

þróast umtalsvert á þessum tæpu tíu árum sem hún hefur starfað þar. „Er ég kom til starfa í febrúar 2013 vorum við ekki búin að opna verksmiðjuna en hún var opnuð í mars það ár. Fyrstu árin einkenndust af vexti og þróun úr sprotafyrirtæki í fullburða rekstur. Til að setja þessa breytingu og þróun í samhengi þá veltu Marhólmur tæplega 200 milljónum árið 2013 en í fyrra var veltan vel yfir tveimur milljörðum og hefur því meira en tífaldast á þessum tíma,” sagði Ragnhildur og bætti við að þessi tími hefði sýnt sér hversu lifandi og skemmtilegur íslenskur sjávarútvegur getur verið. „Mér þætti gaman að sjá fleiri konur hasla sér völl sem stjórnendur á þeim vetvangi,” sagði Ragnhildur að lokum.



VM
Félag vélstjóra
og málmtæknimanna



VERÐANDI
Skipstjóra- og stýrimannafélagið



Birgitta Ósk Valdimarsdóttir

Fjölskylduhagir og Eyjatenging: Sigurbergur Sveinsson maki og saman eigum við tvo drengi, Svein Sigurbergsson 4 ára og Gest Dan Sigurbergsson 2 ára. Ég er fædd og uppalin í Vestmannaeyjum og finnst hvergi betra að vera.

Birgitta vinnur hjá Vinnlustöðinni sem gerir út átta skip, þar af eru fjögur nóta- og togveiðiskip. Meginstarfsemi félagsins er í Vestmannaeyjum. Einnig er félagið með starfsemi í dótturfélögum víða um heim, mest sölustarfsemi en þó einhverja framleiðslu líka. Má þar nefna lönd eins og Portúgal, Þýskaland, Japan og Frakkland. Nýtt uppsjávarhús fyrirtækisins opnaði árið 2016 og er búið nýjasta tækjabúnaði. Bolfiskvinnsla fyrirtækisins er í eldri hluta VSV en þar er nær

eingöngu verið að verka saltfisk, karfa og lítið magn er unnið í ferskt eða lausfryst. Með tilkomu nýja uppsjávarhússins og nýju skrifstofunnar samtengjast eldri byggingin og nýja. Fiskimjölsverksmiðjan er svo staðsett við hlið uppsjávarhúss.

Þitt hlutverk innan fyrirtækisins í dag? Í dag starfa ég sem gæðastjóri Vinnlustöðvarinnar.

Hversu mörg starfsár að baki hjá fyrirtækinu? Ég var ráðin inn í september 2021 í hlutastarf með náminu. En í maí 2022 var ég ráðin gæðastjóri.

Hver er stærsta breytingin sem hefur orðið í greininni á þeim tíma sem þú hefur starfað? Síðan ég byrjaði af alvöru í gæðamálum þá er helst að nefna að kröfurnar eru sífellt að aukast og verða meiri og ítarlegri. Heldur manni

á tánum alltaf eitthvað nýtt að huga að.

Hvernig lítur hefðbundinn vinnudagur út hjá þér? Hann hefst á morgunfundi kl. 08 eftir að ég skutla strákunum á leikskólan. Síðan tekur við tölvuvinnna. Tek svo rölt niðri uppsjávar- og botnfiskvinnslu og fylgist með. Er svo á hlaupum niðri í vinnslu og uppá skrifstofu eða að sinna öðrum málum í dótturfyrirtækjum Vinnlustöðvarinnar. Enginn dagur er eins sem gerir þetta að mjög skemmtilegu og fjölbreyttu starfi.

Eitthvað sem þú vilt bæta við að lokum? Mæli með sjávarútvegsfræðinni í Háskólanum á Akureyri. Krefjandi og skemmtilegt nám sem býður uppá mikla og fjölbreytta atvinnumöguleika að námi loknu.

Þóra Hrönn Sigurjónsdóttir

Þóra Hrönn Sigurjónsdóttir lætur sér ekki nægja að sinna fjármálum fjölskylduútgerðarinnar, Öss ehf. sem gerir út Þórunni Sveinsdóttur VE sem byggir á þeim grunni sem afi hennar, Óskar á Leó VE lagði á síðustu öld. Hún rekur líka ásamt fjölskyldunni verslunina Kubuneh sem nefnd er eftir þorpi í Gambú. Allur peningur sem kemur inn fer óskiptur til heilsugæslu sem þau reka í Kubuneh og þjónar allt að 15.000 manns. En hver er Þóra Hrönn? Hún er gift Daða Pálssyni og saman eigum við börnin Óliver og Sunnu. „Ég sé um alla skrifstofuvinnu, bókhald, laun, útflutningspappíra

og fleira. Ég hef unnið samfleytt í 23 ár hjá Ós og svo auðvitað þegar ég var unglingur þegar maður var að fella og skera af netum,“ segir Þóra Hrönn.

Hún segir starfið hafa tekið miklum breytingum. „Stærsta breytingin fyrir mig á skrifstofunni er hvað allt er orðið rafrænt. Þar sem ég vinn hjá sjálfri mér ræð ég deginum sjálf og því er enginn dagur eins og ekki til hefðbundinn vinnudagur hjá mér.

Það eru kostir og gallar við að vinna hjá sjálfum sér, ég stjórna mínum vinnutíma sjálf en það leysir mig heldur enginn af ef ég fer í frí. Maður tekur því vinnuna alltaf með sér og þarf svo að vinna upp það sem eftir er þegar heim er komið.“



Islyft ehf



Birta Baldursdóttir

Fjölskylduhagir og Eyjatenging?

Móðir mín er Helen Arndís Kjartansdóttir og pabbi minn Baldur Þór Bragason. Svo á ég dóttur, hana Hrafninnu að verða 9 ára.

Stutt samantekt á starfsemi fyrirtækisins? Leo Seafood framleiðir gæða ferskar og frosnar sjávarafurðir. Helstu vörur sem eru framleiddar eru ferskir hnakkar úr þorski, ýsu eða ufsa sem flutt er til Evrópu. Einnig eru framleiddar frosnar vörur í fimm punda öskum, 9 kg öskjum og lausfrystar afurðir og margt fleira. Fyrirtækið framleiðir gæða hráefni sem selt er á ýmsa staði um heiminn.

Þitt hlutverk innan fyrirtækisins í dag? Ég hef unnið á nánast öllum stöðum vinnslunnar en í dag er ég verkstjóri í vinnslu.

Hversu mörg starfsár áttu að baki hjá fyrirtækinu? Ég byrjaði 13 að verða 14 ára. Semsagt sumarið árið 2006 byrjaði ég að vinna hjá Godthaab í Nöf, en þá vann ég með skóla á sumrin, í páska og vetrarfríum og alla yfirvinnu sem var í boði um helgar og fyrir

skóla frá 5-7 á morgnana. Eftir stúdent held ég áfram að vinna hjá Godthaab í Nöf. Árið 2015 ákveð ég að skrá mig í sjávarútvegsfræði við Háskólann á Akureyri, tók það samhlíða vinnu og útskrifaðist svo sem sjávarútvegsfræðingur árið 2020 og hef störf hjá Leo Seafood að fullu eftir það sem verkstjóri. Og hef ég því unnið hjá Godthaab í Nöf/Leo Seafood í 16 ár.

Hefur hlutverkið þitt breyst á þessum tíma? Hlutverk mitt innan fyrirtækisins hefur breyst mikið á síðustu árum, en ég byrjaði auðvitað mjög ung að pakka fisk í umbúðir, lærði svo með tímanum á flest allt sem unnið var við hérna í Leo Seafood sem var þá Godthaab í Nöf þegar ég byrjaði. Ég hef unnið við allt sem hugsast getur innan fyrirtækisins, var tvö ár í gæðaeftirliti og seinna verkstjóri og hef verið síðan.

Hver er stærsta breytingin sem hefur orðið í greininni á þeim tíma sem þú hefur starfað? Tækni og gæði er það sem má helst nefna hér. Allskyns tæki og vélar sem hafa bæst við vinnsluna á þessum árum sem gera gæðin á afurðinni mikið betri og einnig er



framleitt meira magn á sama ef ekki styttri tíma. Gæti talið upp endalaus dæmi hér.

Hvernig lítur hefðbundinn vinnudagur út hjá þér? Ég fer á fætur um 6 leytið, kem mér í vinnuna um 6:30 og byrja þá að græja salinn fyrir vinnsluna og þá afurð sem á að framleiða, koma vélum í gang og stilli svokallaða Flexi Cut vél sem er vatnsskurðavél fyrir

fiskflök. Þegar fólk mitt mætir svo klukkan 7 þá fer dagurinn minn allur í að leiðbeina starfsfólkinu, fylgjast með vélum og ég sé svona alfarið um Flexi Cut, að hafa réttar stillingar, réttar spekkur á því sem verið er að framleiða og laga ef eitthvað er að t.d. Svára svo tölvupóstum inn á milli. Allir dagar eru fjölbreyttir og því kannski erfitt að fara segja frá öllu sem ég geri alla daga.



www.hd.is

Þinn þjónustuaðili í viðhaldi, hvort sem er á landi eða til sjós.

Markmið HD er að veita viðskiptavinum sínum úrvals þjónustu. Viðskiptavinir okkar hafa ólíkar þarfir ásamt því að vera staðsettir um allt land. Til þess að mæta kröfum viðskiptavinna höfum við víðtækt þjónustunet um Ísland.

HD verður á íslensku sjávarútvegssýningunni í laugardalshöll 21.-23. september
Við bjóðum ykkur velkomin sýningarsvæði A-7



Martin ráðuneytisstjóri ræðir mikilvægi utanríkisþjónustunnar:

Sendiráð geta opnað dyr og komið hlutum í kring

≡ Alþjóðasáttmálar og virðing fyrir þeim er lykillinn að vexti og viðgangi sjávarútvegsins

Eyjapeyinn Martin Eyjólfsson hefur gegnt embætti ráðuneytisstjóra utanríkisráðuneytisins sl. tvö ár. Eyjafréttir tóku hann tali nýlega um hvernig málefni sjávarútvegsins og hafsins snerta starfsemi ráðuneytisins og hvernig þessum málaflokkum hefur skolað inn á hans skrifborð þann aldarfjórðung sem hann hefur starfað í ráðuneytinu í þágu lands og þjóðar, hér heima og erlendis.

Hvaða þörf hefur öflug atvinnugrein eins og sjávarútvegur á kröftum utanríkisþjónustunnar?

- Kannski ætti ég bara að byrja á því að nefna að fyrr í þessum mánuði fór fram málflutningur fyrir vörumerkjadómstóli ESB á Spáni þar sem við stóðum vörð um orðmerkið Iceland þannig að flestir, ekki síst íslensk sjávarútvegsfyrirtæki sem byggja á ferskleika og sjálfbærni, geti tengt sig við Ísland í sinni markaðssetningu án þess að eiga á hættu málsókn frá breskum stórmarkaði.

En ef við lítum á stóru myndina þá mætti kannski snúa spurningunni við. Hvernig ætlar fámenn eyja í Norður-Atlantshafi sem veiðir langt umfram eigin þarfir að selja afurðir sínar á erlenda markaði án samstarfs og milliríkjasamninga við aðrar þjóðir? Þar fyrir utan sækir hún afla sinn aðallega innan svæðis sem kallast efnahagslögsaga og skilgreind er af alþjóðalögum, hafréttarsáttmála Sameinuðu þjóðanna og á alþjóðlegum hafsvæðum þar sem flestu er stjórnað með gagnkvæmum fiskveiðisamningum.

Ísland á allt sitt undir alþjóðalögum og það er höllt að minna sig á það á þessum tímum. Hnefarétturinn í alþjóðasamstarfi hefur alltaf reynst litlum ríkjum haldlítill.

Rödd Íslands heyrðist

En í þorskastríðunum? Hröktum við ekki breska flotann af Íslands-miðum og færðum út landhelgina ein okkar liðs?

- Þáttur landhelgisheytjanna okkar má aldrei gleymast - þær lögðu líf sín og limi að veði við að verja landhelgina og gera Bretum



Eva og Martin í þýsku sjónvarpi að kynna íslenskan fisk. Ofsteikti fiskinn og brunavarnarkerfið fór í gang.

marga skráveifuna. Því miður dugði það ekki eitt og sér eins og kemur t.d. fram í nýrri bók Guðna Th. Jóhannessonar, forseta Íslands, Stund milli stríða. Ísland naut skjóls af alþjóðasamstarfinu til þess að ná hagsmunum sínum fram. Utanríkispolítík og aðild Íslands að NATO lék lykilhlutverk við lausn deilunnar.

Útfærsla landhelginnar átti sér þannig ekki stað í tómarúmi heldur var hún í takti við þróun hafréttarins á vettvangi Sameinuðu þjóðanna. Hafréttarsáttmálinn var að fæðast og rödd Íslands heyrðist langtum hærra en stærð

þjóðarinnar gaf til kynna og lagði Ísland, með Hans G. Andersen sendiherra í broddi fylkingar, mikilvægt lóð á vogarskálarnar við mótun hafréttarins þannig að eftir var tekið. Hafréttarsáttmálinn tryggði endanlega 200 mílurnar en yfirráðin yfir þeim lögðu grunninn að efnahagslegum styrk hins unga lýðveldis.

Við eigum allt okkar undir virðingu alþjóðareglna. Ekki bara friðhelgi landamæra og lögsögunnar heldur líka efnahagslögsöguna og viðskiptakjörin við útlönd. Þau falla ekki af himnum ofan heldur.

Hvað áttu við með því?

- Viðskiptakjör Íslands á erlendum mörkuðum grundvallast á viðskiptasamningum sem utanríkisráðuneytið gerir við önnur ríki. Fyrst og fremst eru það fríverslunarsamningar sem tryggja viðskiptakjörin, en einnig loftferðasamningar og tvísköttunarsamningar, sem fjármála- og efnahagsráðuneytið sér reyndar að mestu leyti um að gera. Ísland er aðili að 32 fríverslunarsamningum við 43 ríki um víða veröld, fyrir utan EES-samninginn sem er auðvitað stærsti og umfangsmesti fríverslunarsamningur sem Ísland

hefur nokkru sinni gert en 30 ríki taka þátt í EES-samstarfinu. Sjálfur hef ég verið að vasast mest á þessu sviði utanríkismálanna í tæp 20 ár á mínum ferli.

Evrópa okkar stærsti markaður

Hvað er mikilvægast í þessum samningum út frá sjónarhóli sjávarútvegsins og hvar eru mikilvægustu markaðarnir?

- Evrópa hefur verið okkar stærsti markaður fyrir sjávarafurðir um áratuga skeið. Þar leika hagstæð viðskiptakjör lykilhlutverk. Þau felast einkum í tollakjörum og markaðsaðgangi. Til þess að viðskiptaskjörin séu sem hagstæðust þarf að gera alþjóðasamninga, og í kjölfarið, standa vörð um þau réttindi sem þar er samið um. Svo þarf að þróa þessa samninga í takti við breyttar þarfir og tæknipróun. Óhætt er að fullyrða að engir viðskiptasamningar sem gerðir hafa verið hafa skilað jafn hagstæðum viðskiptakjörum og þeir sem Ísland hefur gert á vettvangi EFTA. Sér í lagi samningar EFTA við Evrópusambandið árið 1972 og 1994, undir regnhlíf EES. Samningarnir frá 1972 tryggðu algjöra tollaniðurfellingu á 60% af öllum fiskútflutningi Íslands til aðildarríkja Efnahagsbandalags Evrópu (forvera ESB) og 20 árum síðar tókst að ná þessu hlutfalli yfir 90% með EES-samningnum. Þar sem framleiðsla lax hefur stóruð á Íslandi undanfarið og í ljósi þess að lax ber nokkuð háan toll hefur þetta hlutfall farið niður í um 75% á síðustu árum.

Svo má ekki gleyma hagsmunum íslenskra hátækni- og iðnfyrirtækja sem starfa í sjávarútveginum. Þau búa undantekningalítið við full tollfríðindi og njóta góðs af samræmdum stöðlum sem veita ýmist sjálfkrafa eða mun greiðari aðgang að mörkuðum þeirra ríkja sem Ísland hefur gert fríverslunarsamninga við.

Nú hefur Bretland lengi verið mikilvægast ferskfiskmarkaður Íslands, setti Brexit strík í reikninginn?

- Ég tel að okkur hafi tekist ágætlega að gæta að útflutningshagsmunum okkar varðandi Bretland eftir Brexit en þeir eru sambærilegir og við Evrópusambandið. Við höfðum áhyggjur af ferskútflutningnum á tímabili vegna gagnkvæmra viðurkenninga dýraheilbrigðisvottorða en það bjargaðist. Bretland er okkar mikilvægasti ferskfiskmarkaður og því mikilvægt að tryggja hnökra lausan innflutning. Ferski fiskurinn yrði fljótur að falla í verði ef hann lenti í biðröðum svipuðum og hafa verið að myndast á landamærum ESB og Bretlands. Allt byggir þetta á alþjóðasamningum eða þá því að þeir hafi ekki náðst og allt fer í hönk.

Við búum að samræmdum dýraheilbrigðisreglum innan EES og þar sem þú baðst mig um að nefna verkefni sem ég hefði sinnt og tengdust sjávarútveginum, þá er gaman að nefna að eitt af allra fyrstu verkefnum mínum í utanríkisráðuneytinu fyrir tæpum aldarfjórðungi var einmitt að skrifa þingsályktunartillögu um upptöku dýraheilbrigðisregluverks Evrópusambandsins í EES-samninginn. Fram að því höfðu sendingar verið að stoppa á landamærum sambandsins og skemmast. Þarna voru miklir hagsmunir í húfi fyrir Ísland og íslenskan sjávarútveg. Þetta stóra verkefni var unnið í náinni samvinnu framúrskarandi fólks frá Fiskistofu, sjávarútvegsráðuneytinu, yfirdýralækniseimbættinu og iðnaðinum.



Stór hluti af störfum okkar sendiráða er landkynning og vinna þau t.a.m. að verkefninu Taste of Iceland með Íslandsstofu. Þar er íslenskt sjávarfang í forgrunni. Það var snar þáttur í starfi mínu sem sendiherra í Berlín að kynna íslensk matvæli.

Loðnumjölsmálið eftirminnilegt

Þú varst í sendiráðinu Brussel í kringum aldamótin – komu einhver eftirminnileg mál þar upp?

- Fyrst ég var að tala um dýraheilbrigðisreglurnar þá fór talsverð orka í að tryggja hnökralausa framkvæmd þeirra fyrst eftir að þær tóku gildi. Ætli hið svokallaða loðnumjölsmál sem kom upp í árslok 2000 sé þó ekki einna eftirminnilegast. Þá hugðist Evrópusambandið setja innflutningsbann á loðnumjöl en það var liður í aðgerðum sambandsins til þess að stemma stigu við útbreiðslu kúariðu sem hafði m.a. smitast með kjöt- og beinmjöli. Þar sem illmögulegt var á þeim tíma að greina á milli fiskimjöls og kjöt- og beinmjöls hugðist Evrópusambandið banna hvoru tveggja. Algjört bann hefði haft gríðarlega neikvæð áhrif á afkomu marga sjávarplássá á Íslandi en 90% af fiskimjölsútflutningi Íslendinga fór á þeim tíma til Evrópusambandsins.

Með samstilltu átaki, þar sem utanríkisþjónustan lék stærsta hlutverkið, tókst á síðustu stundu að koma í veg fyrir lokun stærstu markaða innan sambandsins. Annað mál sem kemur upp í hugann og kom inn á mitt borð þegar ég var skrifstofustjóri viðskiptaskrifstofu ráðuneyt-

isins er mál sem varðaði ranga tollflokkun loðnuhrogna í einu Evrópusambandsríkjanna. Tollayf-irvöld viðkomandi ríkis höfðu tollað loðnuhrogn um tífalt hærri upphæð en rétt var en það tókst að vinda ofan af því eftir málarekstur fyrir Alþjóðatollastofnuninni þar sem fullnaðarsigur vannst.

Síðan er náttúrulega aragrúi minni mála sem rekur á okkar fjörur þar sem við aðstoðum útflutningsfyrirtæki með hitt og þetta. Oft eru það einfaldlega skýringar eða staðfestingarbréf á því að Ísland sé hluti af EES eða að vottorð séu lögmæt og rétt útgefin og fleira í þeim dúr. Það var mikil þörf á þjónustu af þessu tagi í Covid-19 faraldrinum og fyrirtækin hlupu á tugum ef ekki hundruðum sem leituðu til okkar vegna Covid-vandræða sem þau lentu í, t.d. vegna þjónustusam-

- Jú, tvímælaust og Ísland fagnar þeirri þróun. Við tökum virkan þátt í umræðum um plastmengun og súrnun hafsins svo dæmi séu tekin. Þarna eru uppi mismunandi sjónarmið og það er vert að hafa í huga að á meðal tæplega 200 aðildarríkja Sameinuðu þjóðanna hafa þau ekki nærri því öll skilning á hagsmunum fiskveiðipjóða. Oft þarf t.d. að minna á að nýting og verndun stofna fer iðulega saman. Við megum ekki gleyma því að þrír milljarðar manna fá hluta af næringu sinni úr vötnum og höfum. En það vill stundum gleymast.

Á vettvangi Sameinuðu þjóðanna fara fram viðræður um hafréttarmál, verndun og nýtingu hafsins og fiskveiðistjórnun úr sameiginlegum stofnun. Síðustu ár hafa t.a.m. staðið yfir viðræður um nýjan samning undir hafréttarsamningi Sameinuðu þjóðanna um verndun og nýtingu líffræðilegs fjölbreytileika í hafinu utan lögsögu ríkja. Samningurinn fjallar að hluta til um afmörkun verndarsvæða og framkvæmd umhverfismats á úthafinu. Þarna ríður á að hagsmunum Íslands sé haldið til haga.

Þó að núverandi regluverk Hafréttarsáttmálans hafi fengið að standa óhreyft um árábil gera ýmis ríki reglulega atölur að honum og það er mikilvægt að standa vörð um samninginn.

Eyjapeyi í lykilhlutverki

Komu málefni sjávarútvegsins mikið inná þitt borð þegar þú varst sendiherra í Berlín?

- Stór hluti af störfum okkar sendiráða er landkynning og vinna þau t.a.m. að verkefninu Taste of Iceland með Íslandsstofu. Þar er íslenskt sjávarfang í forgrunni. Það var snar þáttur í starfi mínu sem sendiherra í Berlín að kynna íslensk matvæli. Eitt af stærri verkefnum sem ég kom að þar var stór kynning á íslenskum sjávarafurðum í samstarfi við hafnaryfirvöld í Bremerhaven, Íslandsstofu og íslenska fiskiseljendur í Evrópu en Eyjapeyinn Óskar Sigurmundsson lék þar lykilhlutverk en hann rekur öflugt fiskisölufyrirtæki þar um slóðir. Þangað komu fleiri þúsund gestir. Þarna er samvinnan lykilatriði.

Sendiráð geta í krafti stöðu sinnar opnað dyr og komið hlutum í kring sem fyrirtækin eiga erfiðara með en á móti koma þau með annað í púkkið sem við höfum enga möguleika á töfra fram. Úr verður árangursríkt og fallett samstarf.

Síðan má í lokin geta þess að við Eva vorum fengin til þess að kynna fisk í einum vinselasta matarsjónvarpsþætti Þýskalands. Það var skemmtilegt og endaði þannig að ég ofsteikti fiskinn þannig að brunavarnakerfið fór í gang!

inga þeirra erlendis o.fl. Við leggjum okkur fram við að bregðast fljótt við í slíkum tilvikum enda eitt af hlutverkum utanríkisþjónustunnar að greiða fyrir utanríkisviðskiptum.

Þung mál og erfið

Hvernig kemur utanríkisráðuneytið fiskveiðisamningum Íslands?

- Utanríkisráðuneytið vinnur náið með matvælaráðuneytinu í fiskveiðisamningaviðræðum menn í dag eru þær mestmegnis leiddar af matvælaráðuneytinu. Utanríkisráðuneytið leiddi þó um árábil fiskveiðisamningaviðræður Íslands við önnur ríki, m.a. lausn Smugudeilunnar svokölluðu, þ.e. um veiðar í Barentshafi utan lögsögu ríkja. Þetta var afar þung og erfið deila sem þó endaði vel. Þess má geta að nú nýlega lauk milli-ríkjasamningum um fiskveiðar og rannsóknasamstarf í síðustu „smugunni“ í Norðurhöfum, með Norður-Íshafsfiskveiðisamningnum sem er bindandi samningur nýu ríkja, auk Evrópusambandsins. Þarna er um langtímahagsmuni að ræða sem geta orðið mjög verðmætir og mikilvægir þegar fram í sækir.

Í ljósi loftslagsumræðunnar hljóta málefni hafsins að taka meira pláss en þau gerðu, er ekki svo?

Áratugur liðinn frá kaupum Síldarvinnslunnar á Bergi-Hugin: Góð samskipti við Eyjamenn í 10 ár

Í septembermánuði árið 2012 var undirritaður samningur um kaup Síldarvinnslunnar í Neskaupstað á útgerðarfélaginu Bergi – Hugin í Vestmannaeyjum. Við kaupun lýsti Síldarvinnslan því yfir að ekki stæði til að flytja útgerðina frá Vestmannaeyjum heldur væri áformað að gera ísfisktogarana Vestmannaey og Bergey áfram út þaðan. Nú, þegar liðin eru 10 ár frá að umræddur kaupsamningur var undirritaður, er áhugavert að kanna hvernig samskiptum Síldarvinnslunnar við Eyjamenn hefur verið háttað.

Nokkur ólga vegna kaupanna

Bæjaryfirvöld í Vestmannaeyjum voru síður en svo sátt við umrædd kaup þó svo að Samkeppnisstofnun gerði engar athugasemdir við þau. Vestmannaeyjabær kærði kaupun og gerði kröfu um að þau yrðu ógilt. Héraðsdómur féllst á kröfu bæjarfélagsins en Hæstiréttur sýknaði hins vegar Síldarvinnsluna af kröfunni og fékkst þá loks endanleg niðurstaða að afloknu þriggja ára málaþrefi.

Þrátt fyrir neikvæð viðhorf bæjaryfirvalda í Vestmannaeyjum til kaupa Síldarvinnslunnar á Bergi – Hugin gekk allt samstarf fyrirtækjanna vel frá upphafi. Magnús Kristinnsson, sem verið hafði framkvæmdastjóri Bergs – Hugins, hélt áfram að stýra daglegum rekstri fyrirtækisins eftir að Síldarvinnslan eignaðist það og engar breytingar urðu á starfsmannahaldi. Magnús stýrði Bergi – Hugin til ársins 2017 en þá tók Arnar Richardsson við af honum.

Endurnýjun skipanna

Útgerð Bergeyjar og Vestmannaeyjar gekk vel eftir að Síldarvinnslan eignaðist Berg – Hugin. Seint á árinu 2017 var greint frá því að Síldarvinnslan hygðist endurnýja skip fyrirtækisins. Ákveðið var að láta smíða tvö 29 metra löng og 12 metra breið togskip í Noregi og yrði áhersla lögð á að þau yrðu búin fullkomnuustu tækjum. Aðalvélar skipanna yrðu tvær og þau knúin tveimur skúfum. Þegar nýju skipin kæmu til landsins yrðu þau eldri seld. Ný Vestmannaey kom til landsins í júlí 2019 og Bergey kom síðan í októbermánuði sama ár. Útgerð þeirra hefur gengið vel frá upphafi enda áhafnir þeirra reynslumiklar.

Hér skal þess getið að Síldarvinnslan festi kaup á útgerðarfélaginu Bergi í Vestmannaeyjum



Vestmannaey VE úti fyrir Suðurströndinni Mynd Björn Steinbekk.

í gegnum dótturfélagið Berg – Hugin í októbermánuði árið 2020. Um var að ræða aflaheimildir og togskipið Berg. Togskipið Bergur var selt án aflaheimilda í ágúst 2021 og í kjölfar sölunnar festi Bergur ehf. kaup á Bergey. Þau kaup voru staðfest í júní sl. og þá fékk Bergey nafnið Bergur.

Samstarfið við Eyjamenn hefur verið afar gott

Gunnþór B. Ingvason, forstjóri Síldarvinnslunnar, létur vel af samstarfinu við Eyjamenn. „Í reyndinni hefur samstarfið við Eyjamenn verið afar gott þrátt fyrir stormasamar móttökur bæjaryfirvalda í upphafi. Kaup okkar á félaginu var góð ákvörðun. Ég myndi segja að samstarfið við Eyjamenn hafi verið afar farsælt. Skipin hafa verið nýtt betur en áður og félagið hefur verið eftt, nú síðast með kaupunum á Bergi ehf. Áður höfðum við endurnýjað skipin og reyndi mjög á samstarfið og einnig þekkingu Eyjamanna í því verkefni. Endurnýjun skipanna var mikil fjárfesting og gerði miklar kröfur til starfsmanna. Það má segja að vel hafi ræst úr öllu sem menn hafa tekið sér fyrir hendur. Starfsfólk Bergs – Hugins hefur staðið með okkur allt frá upphafi og það er einvalalið sem er gott að starfa með. Það lýsir kannski Eyjamönnum best að í janúar, þegar verið var að undirbúa loðnuvertíð eystra, vantaði sárlega fólk til að vinna í veiðarfærum. Þá var Vestmannaey í viðgerð eftir bruna og ég hafði samband við Eyjar. Innan við klukkustund síðar var lagður af stað austur fullur bíll af vöskum peyjum sem hjálpuðu okkur. Eyjamennirnir unnu með okkar

mönnum hér eystra langa daga til að gera loðnunæturnar klárar fyrir vertíðina. Það ríkir góður og jákvæður andi í þessu samstarfi og þannig hefur það verið frá upphafi.“

Allt gengið eins og í sögu

Magnús Kristinnsson, fyrriverandi framkvæmdastjóri Bergs – Hugins, segir að samstarfið um rekstur fyrirtækisins hafi gengið eins og í sögu frá þeim tíma að Síldarvinnslan festi kaup á því. „Ég hélt áfram að starfa sem framkvæmdastjóri til ársins 2017 og samstarfið við þá eystra var afar gott allan tímann. Með kaupum Síldarvinnslunnar á Bergi – Hugin höfðum við meiri kvóta til ráðstöfunar og grunnur rekstrarins varð traustari en hann hafði áður verið. Útgerðin varð líka léttari og fleiri möguleikar sköpuðust. Við gátum til dæmis farið að losa afla fyrir austan þegar hentaði og það gat komið sér afskaplega vel. Ég get ekkert annað en jákvætt sagt um samskipti okkar hér í Eyjum við þá Síldarvinnslumenn,“ segir Magnús.

Arftaki Magnúsar í starfi er Arnar Richardsson. Arnar hefur í reynd sömu sögu að segja og Magnús. „Samstarfið við þá eystra hefur gengið stórvel frá því að ég kom til starfa hjá Bergi – Hugin. Fyrirtækið er rekið af stórhug eins og sést á skipakaupunum fyrir þremur árum. Kvótinn, sem er til ráðstöfunar, er meiri heldur en áður var og skipin hafa því verið gerð meira út. Þetta er allt mjög jákvætt og allt starfsfólkið hjá Bergi – Hugin er afar ánægt með samstarfið við Síldarvinnslumenn. Staðreyndin er einfaldlega sú að við hér í Eyjum höfum ekki



Löndun úr Bergey VE í Vestmannaeyjum. Mynd: Guðmundur Alfreðsson.



Um borð í Vestmannaey. Mynd: Egill Guðni Guðnason

yfir neinu að kvarta. Niðurstaðan er skýr að mínu mati: Kaup Síldarvinnslunnar á Bergi – Hugin var jákvætt skref fyrir Eyjarnar. Ég vil líka nefna hér kaupun á útgerðarfélaginu Bergi ehf. Þau kaup sýna svart á hvítu viðhorfið til útgerðar hér í Eyjum og þau styrktu starfsemi hjá okkur enn frekar,“ segir Arnar.

Jákvætt samstarf

Eins og fram hefur komið ríkir jákvæður samstarfsandi á milli Eyjamanna og forsvarsmanna Síldarvinnslunnar. Menn hafa kynnst vel frá því að samstarfið hófst og einkennist samstarfið af gagnkvæmu trausti. Reynslan hefur sýnt að núverandi fyrirkomulag á starfsemi Bergs – Hugins er skynsamlegt og hagkvæmt og því er í reynd engin ástæða til að gera á því grundvallarbreytingar. Ötti bæjaryfirvalda í Eyjum þegar kaup Síldarvinnslunnar á Bergi – Hugin áttu sér stað fyrir áratug virðist hafa verið ástæðulaus.

Auglýst er eftir umsóknum í Uppbyggingarsjóð Suðurlands

Menningarverkefni

Bætt **menning**, **velferð** og **samstarf**
svo lífsgæði eflist og mannlíf á
Suðurlandi blómstri

Atvinnuþróunar- og nýsköpunarverkefni

Öflugt atvinnulíf á Suðurlandi með
aukinni **nýsköpun**, bættri **framleiðni**
og fleiri fyrirtækjum

Kynnið ykkur **áherslur** og **úthlutunarreglur** sjóðsins á www.sass.is

UMSÓKNARFRESTUR RENNUR ÚT
ÞRIÐJUDAGINN 4. OKTÓBER, KL. 16:00



RÁÐGJÖF UM ALLT SUÐURLAND

Ráðgjafar eru á starfsstöðvum um allt Suðurland.
Umsækjendur eru hvattir til hafa samband við ráðgjafa á vegum
SASS og fá aðstoð við gerð umsókna.



STYRKIR@SASS.IS



S. 480-8200



WWW.SASS.IS

Uppbyggingarsjóður er hluti af



SÓKNARÁÆTLUN
SUÐURLANDS



SASS
SAMTÖK
SUNNLENSKRA
SVEITARFÉLAGA



MARÁS

Miðhrauni 13 - 210 Garðabæ
www.maras.is / www.faj.is
S:555 6444 / 552 2111



FRÍÐRIK A.
JÓNSSON ehf.

YANMAR
FYRIR SJÁVARÚTVEGINN



Prestolite
electric



Poly Flex
AUSTRALIA



Navalloy



MAESTRINI



SIMRAD

Tæknibúnaður og tæknipjónusta



Sjálfstýringar



Kortaplotter



GPS/Gýró



Útistýri



Dýptarmælir



Radarskannar



Radarskjáir



Botnstykki



Fagleg ráðgjöf og viðurkenndur búnaður fyrir allar stærðir af skipum og bátum.



Hluti starfsfólks frystihúss Ísfélagsins í Eyjum. Frystihús félagsins tekur á móti 25.000 tonnum af fiski á ári, bolfiski og uppsjávarfiski.

Ísfélagið ≡ Í fremstu röð í 120 ár ≡ Starfsmenn um 250: Fjárfestingar nema 31,5 milljörðum síðasta áratug

Ísfélag Vestmannaeyja hf. er elsta starfandi hlutafélag á landinu, stofnað 1. desember 1901 og verður því 121 ára í desember næstkomandi. Hjá félaginu starfa að jafnaði um 250 manns, af þeim starfa um 50 í útgerð félagsins. Félagið rekur fiskvinnslu í Vestmannaeyjum og á Þórshöfn á Langanesi ásamt fiskimjölsverksmiðjum á báðum stöðum. Félagið rekur fjögur uppsjávarskip, tvö bolfiskskip og einn línubát.

„Það var mikið áfall þegar frystihús félagsins í Vestmannaeyjum brann í desember 2000 en áfram var haldið. Reist nýtt frystihús sem í dag er meðal þeirra glæsilegustu á landinu. Þar er unninn bolfiskur og uppsjávarfiskur og nýjustu tækni beitt til að skila betri vöru og nýtingu á hráefni. Ísfélagið er meðal öflugustu sjávarútvegsfyrirtækja á Íslandi í dag og góður fulltrúi þróunar í íslenskum sjávarútvegi,“ sagði Örvar Guðni Arnarson, fjármála- stjóri Ísfélagsins.

Síldin tekur við af makrílnum
Makrílvertíðinni er að ljúka og veiddu skip félagsins um 16.000 tonn af 17.500 tonna kvóta félags-



Starfsfólk fiskimjölsverksmiðju Ísfélagsins á Þórshöfn.

ins. Vertíðin var rýsjótt og þurfti að sækja makrílinn langt. Öll uppsjávarskip félagsins voru að veiðum á vertíðinni en í framhaldi af vertíðinni fer Suðurey VE í pásu og áhöfn skipsins fer á bolfiskveiðar á Dala-Rafni VE.

Næsta verkefni útgerðarinnar er að gera hin þrjú uppsjávarskipin, Heimaey VE, Sigurð VE og Álsey VE, klár fyrir síldveiðar fyrir

austan land á norsk-íslenskrí síld og í framhaldinu íslenskrí síld seinna í haust.

Hitt bolfiskskip félagsins, Ottó N. Þorláksson er í Hafnarfirði þar sem viðgerð á aðalvél fer fram eftir tjón í byrjun apríl. Samhliða því er skipt um togspil sem eru rafmagnsspil frá Naust Marine. Ottó verður klár í október og þegar síldveiðum lýkur á Álsey

VE fer áhöfnin yfir á Ottó til bolfiskveiða.

„Eftir síld hefst svo loðnuvertíðin, í lok desember/byrjun janúar. Á síðustu loðnuvertíð var aflinn um 91.000 tonn og var stærsta loðnuvertíðin í lengri tíma. Vertíðin var mikilvæg fyrir þjóðarbúið og gaf miklar tekjur og reiknum við með að næsta loðnuvertíð verði ekki síðri,“ sagði Örvar.



Hildur Zoega verkstjóri og Björn Brimar framleiðslustjóri.



Mari sauð saman um 10 til 12 km af lögnum á milli Frystihússins í Friðarhöfn og FES-ins.

Frystihúsið í Eyjum

Frystihúsið í Eyjum hefur á síðustu árum tekið miklum breytingum í átt að sjálfvirknivæðingu. Í dag er uppsjávarfiski dælt beint úr skipum í frystiskápinn og þaðan í frystiklefann á sem stystum tíma. Fjárfest hefur verið í byggingu flokkunarstöðvar og frystigeymslu, sem tekur 5000 tonn af afurðum. Ný sjálfvirk pökkunarvél var sett upp og kerfi til að vigta staka fiska. Árið 2019 var fjárfest í vatnsskurðarvél, nýrri forsnýrtilínu og roðrífu ásamt sjálfvirkum baukaflokkara.

FES

Árið 2013 var eitt öflugasta hreinsivirki á Íslandi tekið í notkun við fiskimjölsverksmiðju félagsins í Vestmannaeyjum. Í stöðinni er allt blóðvatn hreinsað og síðan unnið úr því lýsi og mjöl auk þess sem öll fita og þurrefni eru hreinsuð. Þetta á við um allt frárennsli sem kemur bæði frá frystihúsi félagsins og fiskimjölsverksmiðjunni.

Hrognahús

Árið 2021 voru reistir fjórir hrognatankar við hrognahús félagsins við Friðarhöfn. Á þessu



FES, bræðsla félagsins hefur tekið miklum stakkaskiptum á síðustu árum og nú er að rísa þar nýtt hrognahús.



Matt Garner, Hildur Zoega og Anton Ingi.

ári lýkur svo nýsmíði hrognahúss sem mun tryggja áframhaldandi forystu félagsins við framleiðslu á hrognum.

Frystihúsið á Þórshöfn

Fjárfest hefur verið í hágæðabúnaði fyrir vinnslu og pökkun á afurðum félagsins á Þórshöfn. Tíu síldarvélar hafa verið settar upp í vinnslunni og af þeim eru fjórar sjálfvirkar. Einn stærsti lausfrystir í heimi var settur upp árið 2012 sem getur fryst um 12 tonn á klukkustund. Tveir þjarkar hafa verið settir upp til að raða kösum á brettin og sjálfvirk úrslátarvél.

Fiskimjölsverksmiðja Þórshöfn

Árin 1998 og 2015 var farið í miklar fjárfestingar við að uppfæra og breyta verksmiðjunni og er nú einungis einn forsjóðari eftir af þeim tækjum sem upphaflega voru í verksmiðjunni fyrir þann tíma. Nýr frystiklefi var byggður, ásamt nýju ketil-, vigtar- og löndunarhúsi.

Með rorum milli bæjarhluta


Áður var loðnu, síld og makríl landað beint í flokkunarhús við FES sem stendur við Nausthamarsbryggju. Þar var fiskurinn stærðaflokkaður í kör og fluttur á vörubílum í frystihús félagsins við Friðarhöfn sem er hinum megin í

bænum. Félagið lagði því rör sem tengja frystihúsið og Fiskimjölsverksmiðjuna, alls tíu til tólf km af lögnum. Eftir tilkomu lagnanna er loðnuhrognum dælt beinustu leið úr hrognahúsinu yfir í frystihúsið. Hausum og afskurði frá síldarvélum er á sama tíma dælt frá frystihúsinu yfir í fiskimjölsverksmiðjuna.

Ný skip fyrir eldri

Árið 2012 kom Heimaey VE til Vestmannaeyja og var það fyrsta nýsmíði félagsins í langan tíma. Frá árinu 2012 hafa öll skip sem þá voru í flota félagsins horfið á braut og ný skip fyllt í skarðið. Árið 2014 keypti félagið bolfiskskipið Dala-Rafn VE. Ári seinna, árið 2015 bættist línubáturinn Litlanes við flotann, ásamt uppsjávarskipinu Sigurði VE. Árið 2018 keypti félagið bolfiskskipið Ottó N. Þorláksson VE. Árið 2021 voru uppsjávarskipin Álsey VE og Suðurey VE keypt til félagsins.

„Síðastliðinn áratug hefur félagið varið 31,5 milljarði króna í fjárfestingar og viðhald á búnaði og tækjum. Þar af hefur félagið fjárfest fyrir 6 milljarða í aflaheimildum. Þetta sýnir að félagið hefur náð góðum þroska og eflst á þeim 120 árum sem liðin eru frá stofnun þess,“ sagði Örvar að endingu.



Fjárfestingar Ísfélagsins árunum 2011 til 2021.



Frosti Gíslason, Junayd Juman, Chris Golding, Anton Örn Eggertsson, Ron McKinlay, Einar Björn Árnason, Leif Sørensen, Gísli Matthías Auðunsson, Fjölla Sheholli og Berglind Sigmarsdóttir.

Mateyjarhátíðin heppnaðist frábærlega

Matarhátíðin Matey, sem Einsí kaldi, Gott, Næs og Slippurinn stóðu fyrir í samvinnu við fiskvinnslufyrirtækin var frábært framtak ferðapjónustunnar í Eyjum. „Það var sannur heiður að þau skyldu leita til okkar, sjávarútvegsfyrirtækjanna, og óska eftir samstarfi. Þetta heppnaðist

afar vel og ég er fullviss um að þessi hátíð er komin til að vera. Ekki spurning,“ segir Binni í Vinnslutöðinni og er hægt að taka undir það.

„Hátíðin fór frammúr okkar björtustu vonum. Við fundum það á gestunum að það voru allir í skjýjunum með framtakið og

það sem er líka svo frábært er að starfsfólkið okkar var einstaklega ánægt að fá þessa reynslu, þetta er líka út fyrir þægindaramman fyrir þau og skemmtileg upplifun sem hvetur okkur öll áfram. Gefandi og skemmtilegt að sjá þessa meistarakokka meðhöndla okkar besta sjávarfang og vera okkur

innblástur. Til þess að svona hátíð gangi vel fyrir sig þurfa margir að vinna saman og við hér í Eyjum erum góð í því. Það voru margir sem gáfu vinnu sína og þjónustu til þess að þetta gæti gengið upp,“ sagði Berglind Sigmarsdóttir, annar eigandi GOTT og formaður Ferðamálsamtaka Vestmannaeyja.



Binni í Vinnslustöðinni ≡ Staðan í sjávarútvegi ≡ Framtíðarhorfur

Skilar hagsæld til okkar allra

„Staða sjávarútvegs er á margan hátt góð í dag en auðvitað má alltaf finna eitthvað sem ekki gengur vel. Jákvaðu þættirnir eru að sjálfsögðu almennt hátt afurðaverð. Verð á botnfiski hefur hækkað nokkuð, sérstaklega á ufsa sem er afar ánægjulegt. Eftirspurn er góð og afurðirnar seljast jafn óðum. Vonbrigðin eru að sjálfsögðu niðurskurður aflaheimilda flestra botnfisktegunda, sérstaklega á karfa. Það er víða karfi en hann er stór. Það vantar ungvíðið, nýliðun síðustu ára er áhyggjuefni. Við þekkjum þetta úr humrinum en þar hvarf nýliðun og enginn veit af hverju. Við sáum sama mynstur við Suðurströndina hjá lundanum og sandsílinu. Það var eitthvað að gerast í hafinu sem við skiljum ekki,“ segir Sigurgeir Brynjar Kristgeirsson, Binni í Vinnslustöðinni aðspurður um stöðu greinarinnar í dag.

Í uppsjávarfiskinum eru góðu fréttirnar mikill loðnukvóti í ár og gott útlit næsta ár gleður. Þetta gerist samhliða kólnun sjávar norður af landinu. Afurðaverð, sérstaklega á mjöli og lýsi er hátt. „Áhyggjurnar eru makrillinn þar sem ofveiði undanfarinna ára er farin að segja til sín. Það er morgunljóst að fiskveiðipjóðir í NA-Atlandshafi verða að ná samkomulagi um nýtingu fiskistofna sem flakka á milli hafsvæða þjóðanna.“

Binni segir stöðuga ofveiði norsk-íslensku síldarinnar, makríls og kolmunna hljóta að enda með ofveiði og niðursveiflu. „Við sem höfum stundað uppsjávarveiðar njótum góðs af sterkum stofnum en það þarf ekki mikið langtíma-minni til að rífa það upp að þeir geta hrunið mjög skyndilega. Líklega var hrún þeirra á árum áður vegna kólnunar sjávar ásamt miklu veiðialagi en í dag erum við með sókn og skipastól sem getur hæglega ofveitt þá.“

Þrýstingur á hækun veiðigjalda

Binni segist seint þreystast á að tala um hina pólitísku áhættu. Hún sé veruleg og viðvarandi. Það taki skemmri tíma að rífa niður vel unnið verk en byggja það upp. „Fiskveiðistjórnunarkerfið okkar hefur margar góðar hliðar, er hagkvæmt og leiðir af sér hagnaðarrektur. Atvinnurektur sem stendur ekki undir sér á enga framtíð fyrir sér. Hann byggir ekki upp atvinnu, treystir ekki byggð eða tryggir framþróun. Rektur sem skilar hagnaði



Maria Eugenia Vera og Elzbieta Chachula á fullu í tækjalsnum.
Myndir Addi í London.

er sjálfbær og byggir þannig upp samfélög sín, bæði sjávarbyggðir og landið í heild. Hann skilar hagsæld sem landsmenn allir geta byggt á.

Í öðru lagi hefur fiskveiðistjórnunarkerfið leitt af sér mun minni olíunotkun greinarinnar. Þannig er sjávarútvegurinn eina atvinnugreinin í landinu sem er nálægt því að ná markmiðum Parísarsáttmála Sameinuðu þjóðanna með samdrætti á útblæstri gróðurhúsalofttegunda sem nemur um 45% síðan frjálsa framsalið var innleitt 1990.

Í þriðja lagi hefur öryggi sjómanna aukist gríðarlega. Hagnaðarrektur felur í sér getu útgerðarfyrirtækjanna til að endurnýja skip sín og standa undir auknum kröfum um öryggi sjómanna. Þegar ég var ungur man ég eftir sífelldum sjóslysum og mann-sköðum á sjó. Sá á eftir nokkrum fyrrum skipsfélögum í hafið hér á árum áður. Í ár eru liðin 20 ár frá síðasta dauðaslysinu í kringum Vestmannaeyjar sem er stórkostlegt.

Í fjórða og síðasta lagi hefur fiskveiðistjórnunarkerfinu tekist vel til með að tryggja vöxt og viðgang fiskisktofnana. Ég veit að þessi ummæli verða umdeild því einhverjir munu benda á humarinn sem dæmi um lélega stjórnun og að trollveiði skemmi búsvæði humars. En það er einfaldlega rangt. Árin 2006 til 2008 stundaði

öðrum hlutum trollsins.“

En, já, spurningin var um veiðigjöld. „Of há veiðigjöld munu snúa þessu öllu við. Hagnaður fyrirtækjanna mun minnka og um leið fjárfestingargeta til endurnýjunar skipa, tækja og búnaðar sem og húsnæðis auk fjárfestinga í nýsköpun og þróun. Minni endurnýjun skipa mun koma niður á öryggi sjómanna og tækniframfarir verða minni. Samdráttur gróðurhúsaloftslagstegunda mun minnka og með mikilli skattheimtu munu útgerðir e.t.v. þurfa að selja nýju skipin eða notast lengur við eldri og úrelt skip. Staða sjávarbyggðanna mun versna sem og atvinnuöryggi fólksins. Þetta helst allt í hendur,“ sagði Binni.

Orkuskipti í sjávarútvegi

Á öðrum stað í blaðinu er fjallað um áform VSV um nýsmíði 3ja og 4ra mílna báta. Hvað sérðu fyrir þér í orkuskiptum? „Við erum tilbúin í að takast á hendur þróun í átt að orkuskiptum í sjávarútvegi. En þá verðum við að fara leið sem við ráðum við og þar sem þekking er til staðar. Í rauninni er engin augljós leið núna til orkuskipta í sjávarútvegi. Við erum á algerum byrjunarreit. Hér á landi er mikið talað um orkuskipti og sem betur fer hefur matvælaráðherra ákveðið að taka skref í þá átt með afnámi aflvísis. Það er mikilvægt skref. Greinin verður að fá að eiga samtali við stjórnvöld um rétta leið í þessa átt. En fyrstu skrefin hafa verið stigin. Því er ólíkt farið hér og í Noregi. Þar styrkja stjórnvöld útgerðina til orkuskipta en hér á landi er umræða um að hækka skattlagningu á útgerðina.“



Joao Remelhe fylgist með af athygli.

Vinnslustöðin hyggst smíða umhverfisvænni togbáta:

Til mikils að vinna og Landsvirkjun á hliðarlínunni

Á aðalfundi Vinnslustöðvarinnar síðastliðið vor upplýsti stjórnarformaður félagsins, Guðmundur Örn Gunnarsson um þau áform að byggja ný skip í stað þriggja eldri skipa, Drangavíkur, Brynjólfs og Kap. Fréttir höfðu samband við Sigurgeir Brynjar Kristgeirsson, Binna í Vinnslustöðinni, um stöðu málsins. „Það var okkur mikið fagnaðarefni þegar Svandís Svavarsdóttir, matvælaráðherra kynnti á samráðsgátt stjórnvalda áform sín um að leggja fram frumvarp um niðurfellingu aflvísis. Loksins kom ráðherra sem hafði kjark og þor til að leggja slíkt frumvarp fram,“ sagði Binna glaður. „Guðmundur Örn kynnti ásetning félagsins að endurnýja bát aflaflota félagsins með umhverfisvænum hætti. Hann sagði forsönduna fyrir slíku væri að að lögum yrði breytt þannig að unnt væri að smíða togbáta með stærri og hægengari skrófu, líkt og við höfum á Breka, Páli Pálssyni og Baldvini Njálssyni. Þegar við ákváðum að byggja Breka þá gaf Sævar Birgisson, skipaverkfræðingur, þær forsöndur að við myndum spara 25% af olíu með þessum breytingum en niðurstaðan er 40 til 50% minni olíunotkun á hver aflakíló. Þetta er ekki einungis mikill olíusparnaður heldur líka mikilvægt í baráttunni við minnkun á útblæstri gróðurhúsalofttegunda.“

Vélar sem brenna olíu og metanóli

Þið ætlið líka að byggja skip sem gengur fyrir metanóli? „Jú, það er planið hjá okkur. Vandinn við metanól er að það er helmingi plássfrekara en olía. Til að knýja skip áfram á togveidum og siglingu þarf helmingi meira magn af metanóli en olíu. Skipið þarf því að vera stærra vegna stærri tanka. Þessu til viðbótar þarf að byggja tank utan um tankinn til að tryggja öryggi. Ef metanóltankurinn lekur þarf annan tank til að taka við lekanum.“

Binna segir vélaframleiðendur lofa að innan tveggja ára verði þeir tilbúnir með vélar sem gangi bæði fyrir metanóli og díselolíu. „Kosturinn er að við getum keyrt vélarnar á olíu eins og áður og án vandræða. Með nýjungum koma alltaf upp hnöktrar og kosturinn er að geta keyrt aðalvél á olíu og síðan bætt inn á hana metanóli jafn óðum og við öðlumst þekkingu og reynslu. Þannig getum við fíkrað



okkur áfram. Svo er annar vandi sem enn er óleystur, hvernig á að geyma og flytja metanól. Það er ekki búið að próa innviði landsins fyrir orkuskiptin. Þar er gríðarlegt verk fyrir höndum.“

Landsvirkjun sýnt áhuga

Binna segir enn óljóst hvar metanólið verði framleitt, hver geri það og hvað það kostar. „En við erum afar ánægð með að starfsmenn Landsvirkjunar settu sig í samband við okkur í vor og vilja fylgjast með umræðu og áformum sjávarútvegs í orkuskiptum. Við höfum fundað með þeim og munum gera það á næstu vikum og mánuðum. Við þurfum auðvitað að vita út í hvað við erum að fara. Við vitum reyndar að kostnaðarauki við smíði skips vegna metanól er ca 150 milljónir króna. Það er mikil fjárhæð. Við biðjum ekki um styrk frá ríkinu þess vegna. Við erum tilbúin að taka áhættuna. Það er gaman að bæta því við að þegar við keyptum Garðar frá Noregi, sem nú er Gullberg, þá styrktu norsk yfirvöld útgerðina nánast að fullu við að skipta út vél sem eyddi mikilli olíu yfir í vél sem var mun sparneytnari,“ sagði Binna.

Trillukarlar þurfa ekki að hafa áhyggjur

Á samráðsgátt stjórnvalda má sjá að smábátasjómenn berjast á

móti þessum áformun Svandísar. „Ég tel mig meðal trillukallanna, á þar langan feril,“ segir Binna, léttur í bragði. „En, jú auðvitað eiga þeir allan rétt á að hafa sín sjónarmið. Vandinn við málflutning þeirra er bara sá að veiðisvæði smábáta og togbáta skarast ekki mikið. Það er aðeins vestur og NV af Reykjanesi og svo út af Snæfellsnesi sem veiðisvæði smábáta og togbáta skarast.“

Fyrir okkur sem róum við Suðurströndina skiptir þetta afar miklu máli. Togbátar hafa afl og getu til að sækja ufsa og karfa við

dýpin við Suðurströndina og það skiptir okkur mestu. Þeir bátar verða þá ekki að sækja sömu mið og smábátarnir við SV landið á þeim tíma. Smábátar hafa kvóta eins og við sem sækjum á stærri skipum. Kvótinn skiptir fiskinum á milli skipa og skipaflokka. Þar að auki má benda á skýrslu sem starfshópur sjávarútvegsráðherra skipaði til að fjalla um þessi mál en þar var niðurstaðan sú að það væru hvorki fiskifræðileg né umhverfisleg rök fyrir því að takmarka skrófustærð skipa,“ sagði Binna að endingu.



Vaskir karlar í Vinnslustöðinni, Brynjar Karl Óskarsson, Magnús Jónsson og Skúli Georgsson.

Fjárfestingar VSV frá árinu 2010


- Fjárfestingar á tímabilinu 2010-2021 hafa verið um 22 milljarðar króna, mest af því í varanlegum rekstrarfjármunum, en einnig í fyrirtækjum í greininni.
- Á árunum 2015-2018 fjárfesti Vinnslustöðin fyrir 8,5 milljarði í uppbyggingu á uppsjávarvinnslu félagsins sem jók skilvirkni og áreiðanleika vinnslunnar auk þess að opna leiðir inn á nýja markaði fyrir afurðir félagsins. Þær helstu voru:
 - Nýtt uppsjávarvinnsluhús
 - Frystigeymsla
 - Mjölgeymsluhús
 - Hráefnistankar
 - Endurnýjun tveggja uppsjávarveiðiskipa
- Á árinu 2017 fékk Vinnslustöðin skipið Breka VE heim, sem var fyrsta nýsmíði félagsins frá stofnun þess árið 1946. Kostnaði skipið heim komið um 1,5 milljarð króna.
- Auk þessara fjárfestinga í rekstrarfjármunum hefur félagið á þessum tíma keypt og sameinast útgerðarfélögunum Glófaxa ehf., Stíganda ehf. og keypt rest hlutafjár í Hugin ehf., sem Vinnslustöðin átti minnihluta í áður.
- Framleiðslufyrirtækið Marhólmur ehf. var sett á laggirnar á árinu 2012 sem framleiðir masago úr loðnuhognum ásamt fleiru.
- Saltfiskframleiðslufyrirtæki í Portúgal var keypt á árinu 2019. Með þeim kaupum hefur framleiðsla á saltfiski í Vestmannaeyjum stórauðist og kom þetta eignarhald sér vel á erfiðum tíma Covid-19.
- Vinnslustöðin fjárfesti í ýsuframleiðslufyrirtækinu Hólmaskeri hf. í Hafnarfirði síðla árs 2021 og keypti nú síðast í sumar uppsjávarveiðiskipið Gullberg VE.



Óslar Liz og Birgitta Ósk Valdimarsdóttir.

 **ALPRIF**

 /Alprif Hreingerningarþjónusta
s. 481 3328 / 849 5777



SIGLINGAÁÆTLUN HERJÓLFS

FRÁ VESTMANNAEYJUM

07:00 17:00
09:30 19:30
12:00 22:00
14:30

FRÁ LANDEYJAHÖFN

08:15 18:15
10:45 20:45
13:15 23:15
15:45



HERJÓLFUR
VESTMANNAEYJAR

Vélsmiðjan Þór ≡ Nútíma fyrirtæki á traustum grunni:

Þjónustar sjávarútveg á sjó og í landi

Vélaverkstæðið Þór var stofnað þann 1. nóvember 1964 í Vestmannaeyjum og er meðal elstu fyrirtækja landsins sem þjónustað hefur sjávarútveg og fiskvinnslufyrirtæki. Fyrirtækið er mjög vel tækjum búið og hefur tölvustýrðum vélum fjölgað í takt við þróunina. Meðal þeirra er öflug vatnskurðarvél sem eykur möguleika fyrir hinn almenna borgara að nota þjónustuna, t.d. við skurð á flísum og að láta útbúa allskyns merki og skraut skorið út úr ryðfríu stáli eða hvaða efni sem er.

„Í dag erum við sautján starfsmenn og stærsta verkefnið er hrognahúsið hjá Ísfélaginu, þjónusta við bátana hérna í Eyjum og svo erum við alltaf að framleiða Sigmund sleppibúnaðinn,“ segir Sævald Páll Hallgrímsson, framkvæmdastjóri. Vélaverkstæðið Þór er í eigu Sævalds og fjölskyldu og fleiri.

Sigmundsbúnaðurinn

Þess má geta að Vélaverkstæðið Þór vann að þróun björgunarbúnaðar, Sigmund sleppibúnaðar í samstarfi við uppfinningamanninn Sigmund Jóhannsson og fram-



leiðir nú allar gerðir af Sigmund sleppibúnaði. Kom Sigmund að fleiri verkefnum hjá Þór sem hefur orðið að aðlaga sig breyttum tímum og aðstæðum og hefur tekist það með miklu ágætum.

„Önnur verkefni eru rennismíði allskonar, smíði á öllum gerðum færibanda, þvottakör og krapakör fyrir báta og fiskvinnslu. Þór býður upp á nýja hönnun á lestarböndum í skip sem gerir frágang

á fiski einfaldari og gæði fisksins betri. Líka utanhúss klæðningar ásamt þakkösum og öllum gerðum flastninga. Þetta er bara hluti af því sem við erum að gera. Við búum að góðum tækjabúnaði og öflugum starfsmönnum með mikla reynslu. Þannig að okkur er ekkert að vanbúnaði þegar kemur að smíði úr járn, áli og blikki,“ sagði Sævald að endingu.



Vestmannaeyjabær



ÖRYGGI



VEIÐAR



FISKELDI



HÍFIBÚNAÐUR



REKSTRARVÖRUR

ALLT TIL FISKVEIÐA

Ísfell er leiðandi fyrirtæki í hönnun, þjónustu og sölu á veiðarfærum, útgerðarvörum, björgunarvörum, bindivörum, hífilausnum og ýmsum rekstrarvörum. Þjónusta fyrirtækisins markast af góðu úrvali af gæðavörum, áreiðanleika gagnvart viðskiptavinum og starfsfólki með víðtæka þekkingu.

Ísfell hjálpar viðskiptavinum að ná árangri með því að veita framúrskarandi þjónustu og lausnir. Hafðu samband og kynntu þér vöruúrval fyrirtækisins.

Skipalyftan ehf. í Vestmannaeyjum 40 ára: Góður rekstur frábæru starfsfólki að þakka

Breyttir tímar og ný tækni í fiskveiðum og landvinnslu voru kveikjan að því að tvö gamalgróin vélaverkstæði, Magni og Völundur og Raftækjaverkstæðið Geisli stofnuðu Skipalyftuna ehf. í Vestmannaeyjum árið 1981. Árið eftir hófst starfsemin í nýju húsnæði við hlið skipalyftu sem Vestmannaeyjabær setti upp. Fyrirtækið átti 40 ára afmæli þann 14. nóvember 2021. Það var þó ekki fyrr en í sumar að afmælishófið var haldið í Akóges og mætti fjölmenni til að fagna merkum tímamótum. Íris Róbertsdóttir, bæjarstjóri flutti ávarp og Eyjapeyinn og stórsöngvarinn Gissur Páll Gissurarson skemmti gestum með vöskum söngsveinum.

Stefán Jónsson, framkvæmdastjóri var þakklátur gestum sem voru mættir til að fagna með Skipalyftunni á þessu tímamótum. Þó það hafi dregist. „Fjörftu ár eru ekki langur líftími fyrirtækis en að reka það öll þessi ár á sömu kennitölu þykir harla gott. Og það hefur okkur tekist“ sagði Stefán sem í viðtali rakti sögu Skipalyftunnar og reksturinn sem hefur tekið miklum breytingum.

Breytt umhverfi

Í upphafi voru verkefnið næg enda Eyjafloinn stór og mikill munur fyrir útgerðarmenn að þurfa ekki að sækja annað með viðhald, viðgerðir og breytingar. Allt ræðst af gengi í sjávarútvegi. Var bann við loðnuveiðum 2019 og 2020 mikið högg fyrir Vestmannaeyjar sem hafa yfir að ráða um 32% aflaheimilda í loðnu. Færri og stærri skip hafa breytt rekstrinum en líka skapað tækifæri. Dæmi um það eru fjórir 500 rúmmetra hráefnistankar fyrir Ísfélagið sem fyrirtækið lét smíða í samvinnu við Eyjablökk. Tryggja þeir gæði



Íris bæjarstjóri flutti ávarp og færði Skipalyftunni blóm sem Stefán tók á móti.



Fjölmenni var í afmælisveislunni í Akóges.



Stjórnin: Ólafur, Þórarinn og Stefán.

og ferskleika hráefnis og flýta löndun uppsjávarfisks sem kemur sér vel, ekki síst þegar vinnsla á loðnuhrognum stendur sem hæst.

Starfsemin er í 1.600 fermetra húsi auk tveggja nýrra húsa upp á samtals 1.400 fm. Er glæsilegt vélaverkstæði í öðru þeirra. Fjárfestingar sem sýna trú eigenda á framtíð félagsins.

Í dag er Skipalyftan fyrst og fremst plötusmiðja, véla- og renniverkstæði og þjónustar skip sem tekin eru upp í lyftuna. Er með lager og glæsilega vöslun með miklu úrvali af vörum tengdum málmiðnaði, sjósókn og veiðum. Starfa um 40 manns hjá Skipalyftunni, þar af þrjú frá stofnun félagsins, Anna Sigríð Karlsdóttir fjármálastjóri, Hlynur Richardsson verkstjóri og Stefán Örn Jónsson framkvæmdastjóri.

Þegar mest var störfuðu yfir 100 starfsmenn hjá Skipalyftunni og þurfti m.a. að flytja inn erlent vinnuafli til að hafa undan. Var Skipalyftan eitt af fyrstu fyrirtækja landsins til að ráða til sín pólska starfsmenn. Í dag búa og starfa þúsundir Pólverja á Íslandi í dag við góðan orðstír.

Reksturinn hefur gengið vel og hefur fyrirtækið hlotið viðurkenningu Credit Info, sem eitt af fyrirmyndafyrirtækjum Íslands árlega síðan 2014. „Það sem skilað hefur góðum rekstri Skipalyftunnar er fyrst og síðast frábært starfsfólk

sem magt hefur haldið tryggt við félagið,“ sagði Stefán.

Stofnendur voru Gunnlaugur Axelsson, Tryggvi Jónsson, Pétur Andersen, Kristján Ólafsson, Þórarinn Sigurðsson, Tryggvi Jónsson, Jón Yngvi Þorgilsson, Njáll Andersen, Erlendur Eyjólfsson og Friðþór Guðlaugsson. Stefán Jónsson

Skipalyftan ein af stoðum Vestmannaeyja

„Mikið var um breytingar á skipum á níunda áratugnum og þar lét Skipalyftan til sín taka. Við lengdum mikið af skipum, byggðum yfir þau og settum á nýjar brýr. Auk þess að smíða Lóðsinn. Upptökumannvirkin og fyrirtækið sönnuðu sig á þessum árum. Voru allt upp í 80 skip og bátar tekin upp á ári og flestir voru starfsmenn 106,“ segir Stefán þegar rætt var við hann. Stefán er heimvanur í fyrirtækinu. Byrjaði að vinna í Magna 1969, fór þaðan yfir í Krók, aftur í Magna og þaðan í Skipalyftu.

Krókur var plötuverkstæði í eigu Magna. Þar réði húsum Jón Þorgilsson, faðir Stefáns sem fetaði í fótspor föður síns sem var einn af stofnendum Skipalyftunnar 1981. Og Stefán vill horfa fram á veginn. Upptökumannvirkin geta í dag aðeins tekið upp fá skip í Eyjaflothanum og er horft til þurrkvíar. „Við höfum kynnt



Þórarinn, Trausti framkvæmdastjóri Hafnareyrar, Björk eiginkona Stefáns og Stefán.



Dóra Björk hafnarstjóri, Guðmunda, Jóhanna og Þósteina.

þessa hugmynd og fengið jákvæð viðbrögð. Ef við ætlum að þjónusta þessi stóru og myndarlegu fiskiskip sem við eigum í dag er þurrkví það eina sem kemur til greina. Það verður ekki í dag eða á morgun en þurrkví er framtíðin. Með aðkomu margra er þetta mögulegt og að því munum við stefna. Allir munu njóta góðs af,“ segir Stefán sem er nokkuð sáttur þegar hann lítur til baka.

„Auðvitað hefur verið tröppugangur í rekstrinum en við erum enn á upphaflegu kennitölunni. Við skiptum máli fyrir Vestmannaeyjar sem 40 manna vinnustaður. Tökum nema á samning og höfum lagt okkur fram um að taka nemendur í vélstjórn á samning í vélvirkjun. Það flýtur fyrir þeim að fá réttindi og við fáum öfluga starfsmenn.“



FRAUÐKASSAR OG FISKIKER FYRIR SJÁVARÚTVEGINN Í YFIR 50 ÁR

ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA

Borgarplast.is
borgarplast@borgarplast.is

BORGARPLAST
STOFNAÐ 1971



GEFI NÚ GÓÐAN BYR

og glannaleg síldarköst

svo koppurinn fyllist
og kapteinninn tryllist
og kraumi í blárri röst.

- Ási í Bæ (Í verum)



ÍSFÉLAG
VESTMANNAEYJA HF.